Þurrkur hjá Erpi

Lífið ➤ 16



Haffi er alls ekki sár

Lífið ➤ 16



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR **TRAUST** ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

46. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 8. MARS 2022



Íbúar Írpín, rétt vestan við Kíjív höfuðborg Úkraínu, flúðu í gær átökin nærri heimilum sínum. Á meðan rússneskar hersveitir voru á leið inn í borgina var fólkið á leið yfir brú í átt að Kíjív. Úkraínumenn höfnuðu í gær tilboði Rússa um að hleypa almennum borgurum í áttina að Hvíta-Rússlandi og Rússlandi, þeir vilja fá svigrúm til að hleypa almennum borgurum í vesturátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mikill áhugi á NATO eftir innrásina í Úkraínu

**Formaður Íslandsdeildar NATO og Varðbergs segir samstöðu um NATO ekki meiri í áratugi. Forsætisráðherra segir sinn flokk enn vilja Ísland úr NATO.**

kristinnhaukur@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Njáll Trausti Friðbertsson, formaður Íslandsdeildar NATO-þingsins og varaformaður utanríkismálanefndar, segist finna fyrir miklu meiri áhuga á NATO eftir innrás Rússa í Úkraínu en fyrr. Þetta eigi einnig við starfsemi Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál, þar sem hann er einnig formaður. „Við erum að vakna upp af þyrnirósarsvefni. Þessi mál hafa verið svolítið í dvala í þrjátíu ár,“ segir Njáll Trausti. „Fólk á öllum aldri, líka börn, eru að velta því fyrir sér sem er að gerast í Úkraínu og samhengi hlutanna.“

Varðberg hélt hinn svokallaða NATO skóla í Háskólanum í Reykjavík á laugardag. Þar er starf NATO, varnarsamningurinn frá árinu 1951 og fleira kynnt fyrir fólki. Njáll segir fyrirlestrana hafa verið vel sótta.

„Við höfum ekki séð aðra eins samstöðu innan ríkja NATO um áratuga skeið. Við höfum heldur ekki séð aðra eins samstöðu á Alþingi,“ segir Njáll Trausti. Þessa samstöðu megi einnig sjá innan Evrópu og



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna

innan stjórnmálanna í Bandaríkjunum. Í valdatíð Donalds Trump komu brestir í samstarf Bandaríkjanna og Evrópu, einkum vegna fjármögnunar á vörnum NATO.

Rætt hefur verið um að Svíþjóð og Finnland gangi í bandalagið, en þessi ríki eru nú þegar í nánu samstarfi við NATO. Njáll Trausti segir að það kæmi sér ekki á óvart ef bæði ríkin myndu sækja um aðild á þessu ári. Skipta þar mestu umskipti hjá sósíaldemókrataflokkunum sem hafa hingað til verið andvígir inngöngu.

Óttinn er þó jafnvel meiri innan Eystrasaltsríkjanna, Póllands og fleiri Austur-Evrópuríkja sem eru í NATO. Njáll Trausti segist trúa því og treysta að þessi ríki geti treyst á 5. grein Washington-sáttmálans, þar sem segir að árás á eitt NATO-ríki sé árás á þau öll. Einnig ef Pútín myndi kynda undir rússneskumælandi aðskilnaðarsinnum í Eystrasaltinu, líkt og í Donbass-héraði Úkraínu.

Í stefnu Vinstri grænna, flokks forsætisráðherra Íslands, hefur frá stofnun verið lögð áhersla á að hér sé hvorki innlendur né erlendur her, Ísland eigi að standa utan hernaðarbandalaga og segja sig úr NATO.

„Stefna Vinstri grænna hefur ekki breyst,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. „Við virðum hins vegar þá þjóðaröryggisstefnu sem samþykkt var á Alþingi árið 2017 með yfirgnæfandi stuðningi, en aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er ein af stoðum hennar,“ bætir hún við.

Í stefnu beggja samstarfsflokka VG í ríkisstjórn er lögð áhersla á samstarfið í NATO og segir Katrín að í fyrstu viðræðum flokkanna um stjórnarmyndun hafi samist um að láta samstarfið ekki steyta á andstöðu flokksins við aðild að NATO. ■

Hekla
Þjónustutorgið snýst um þig
Þjónustutorg Heklu www.hekla.is

## Segir Viðreisn geta unnið í báðar áttir

ser@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Þórdís Lóa Þórhallsdóttir sem endurheimti oddvitasæti Viðreisnar í Reykjavík í prófkjöri flokksins um helgina segir flokk sinn ganga óbundinn til borgarstjórnarkosninganna í vor.

Þetta kom fram á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld, en þar tiltók Þórdís Lóa það sérstaklega að hún hefði átt gott samstarf við minnihlutann í Sjálfstæðisflokknum á kjörtímabilinu sem er að ljúka.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Samvinnan í núverandi meirihluta hafi gengið vel, en Viðreisn geti allt eins hugsað sér að starfa með Sjálfstæðisflokknum á næsta kjörtímabili, þar muni málefni ráða för. Þórdís Lóa segir ekki hægt að segja á þessum tímapunkti hvort samstarfið sé líklegra eftir kosningar. „Það hefur gengið mjög vel að vinna með meirihlutanum og það er búinn að vera stórkostlegur tími í borginni, það hefur líka gengið vel að vinna með Sjálfstæðisflokknum,“ sagði hún. „Við getum unnið í báðar áttir.“ ■

## Fjöruverðlaunin 2022 afhent



Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, trans, kynsegin og intersex fólks, voru afhent við hátíðlega athöfn í gær. Merking eftir Fríðu Ísberg hlaut verðlaun í flokki fagurbókmennta. Fríða eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum og kom hún inn á það í erindi sínu. Reykjavík barnanna eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur og ritið Sigurður Þórarinsson: Mynd af manni eftir Sigrúnu Helgadóttur hlutu einnig verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Íslandsbanki opnar skrifstofu í Póllandi undir upplýsingatækni

bth@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur opnað skrifstofu í Póllandi og ráðið þar starfsfólk til starfa við upplýsingatækni.

Í skriflegu svari frá Eddu Hermannsdóttur, upplýsingafulltrúa hjá Íslandsbanka, við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að hluti af þessari breytingu sé að ráða starfsfólk í stað verktaka sem unnu fyrir bankann í gegnum norskt fyrirtæki.

Tveimur starfsmönnum sem áður störfuðu við tölvuþjónustu á vegum bankans hefur verið sagt upp. Ef marka má svör Íslandsbanka er það ekki vegna stefnubreytingar að segja upp fólki á Íslandi til að ráða nýtt utan landsteinanna á lakari kjörum.

Edda segir að bankinn þurfi á umfangsmikilli þekkingu að halda þegar sótt er hratt fram á stafrænum vettvangi.



Edda Hermannsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka

„Starfsfólki er starfar við upplýsingatækni á Íslandi fyrir bankann hefur ekki fækkað samhliða opnun skrifstofu í Póllandi,“ segir Edda.

Samkvæmt ársskýrslu voru stöðugildin við bankann 702 við lok síðasta árs. Starfsfólki Íslandsbanka fækkaði um 44 í heildina árið í fyrra. ■




# Tónskáld býður flóttafólki kjallaraíbúð sína til láns

**Tónskáldið Michael Jón Clarke biðlar til stjórnvalda um að skipuleggja strax leiðir til að hýsa flóttafólk frá Úkraínu. Sjálfur býður hann kjallaraíbúð sína og hefur samið ljóð um stríðið.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Michael Jón Clarke, tónlistarmaður og tónlistarkennari á Akureyri, vinnur nú að því að koma kjallaraíbúð sem hann á í stand til að bjóða úkraínsku flóttafólki að búa í. Hann segir að hún geti verið klár þegar frost fer úr jörðu og hægt verði að ganga frá frárennslismálum.

„Það fer svo rosalega fyrir brjóstið á mér að geta ekki gert neitt. Ég sé myndir af krökkum á flótta, labbandi með einn bangsa. Ég verð að gera eitthvað,“ segir Michael.

Von er á miklum fjölda flóttafólks ofan í mikinn húsnæðisskort á Íslandi. Hýsing verður því talsverð áskorun.

Michael er í húsaskiptafélagi sem kallast House Exchange, þar sem aðeins er greitt með punktum. Félagið sendi út tilkynningu fyrir skemmstu þar sem biðlað var til fólks sem gæti lánað húsnæði sitt fyrir flóttafólk frá Úkraínu, þá yrði það ábyrgst eins og í öðrum tilfellum.

Út frá þessu fékk Michael þá hugmynd að yfirvöld hér gætu boðið ábyrgðir, afslátt af fasteignagjöldum eða annars konar ívilnanir fyrir þá sem láta húsnæði undir flóttafólk. Málið sé mjög áríðandi og skipuleggja þurfi það hratt.

„Það er fullt af svona ónotuðu húsnæði úti um allt og þetta hlýtur að vera ódýrara en aðrar lausnir,“ segir Michael og nefnir sinn eigin kjallara sem dæmi. „Hér getum við boðið upp á upphitað rými með eldunaraðstöðu og gervihnattasjónvarpi fyrir fjórar eða fimm manneskjur.“



Michael er á fullu að græja og gera til að koma íbúðinni í stand fyrir flóttafólkið. MYND/AÐSEND

> Það er fullt af svona ónotuðu húsnæði úti um allt og þetta hlýtur að vera ódýrara en aðrar lausnir.
>
> Michael Jón Clarke, tónskáld

Hann segir betra fyrir flóttafólk að vera innan um annað fólk og geta auðveldlega komist í búðir. Þessi lausn henti því betur en að nota sumarbústaði stéttarfélaganna, sem einnig hefur verið nefnt. „Þetta fólk þarf hjálp og vináttu,“ segir Michael, og auðvitað yrði flóttafólkið ekki rukkað fyrir.

Michael kom sem ungur maður til landsins frá Bretlandi, árið 1971, í leit að ævintýrum. Kjarnorkuváin var þá áþreifanleg og friðarhreyfing hippanna fyrirferðarmikil. Michael segist alltaf hafa tilheyrt henni og deilt við föður sinn um þessi mál.

Tvo ættliði aftur þekkir fjölskylda Michaels stríð. Afi hans var fréttaritari í skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldar og faðir hans keyrði vörubíl öll stríðsárin í þeirri seinni. Hús móðursystur hans í London var sprengt í loft upp og þurfti hún að dveljast í neðanjarðarbyrgi stóran hluta stríðsins.

Stríðið í Úkraínu snerti Michael svo djúpt að hann samdi ljóð er nefnist Your finest hour. Það hefur tilvísun í ljóð breska skáldsins Wilfrieds Owen, sem lést á vígvellinum viku fyrir lok fyrri heimsstyrjaldar. „Þetta rann úr mér þegar ég sat og horfði á fréttir frá stríðinu,“ segir Michael aðspurður um ljóðið. „Stríð hefur alltaf snert mig djúpt.“ Ljóðið má lesa á frettabladid.is ■






**Sama hver verkefnin eru þá er Toyota Proace til staðar fyrir þig.**

Amstri dagsins fylgja ýmsar áskoranir. Hvort sem þú ert að leita að styrk og burðargetu eða mýkt og lipurð fyrir fólksflutninga, þá er Toyota Proace bíll sem hentar þínum þörfum.

Toyota Proace er traustur, öflugur og fjölhæfur bíll, fáanlegur í ýmsum stærðum og gerðum. Þú hefur val um orkugjafa, lengd, yfirbyggingu og stærð hleðslurýmis, allt eftir því hvað hentar þinni starfsemi. Vinnuaðstaða bílstjórans er snjöll og þægileg og bíllinn er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði sem tryggir öryggi þitt í vinnunni.

**Allar gerðir Proace koma með 7 ára (3+4) ábyrgð og þeim fylgir 3 ára þjónusta.**
Skoðaðu nánar á toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| 570 5070 | 460 4300 | 420 6600 | 480 8000 |

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Skimanir kostuðu ríkið um níu milljarða króna

sbt@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Heildarkostnaður ríkissjóðs við skimanir vegna Covid-19 var rúmir níu milljarðar á um tveggja ára tímabili frá febrúar 2020 til og með desember 2021.

Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni, þingmanni Miðflokksins, um kostnað af skimunum innanlands og á landamærunum.

PCR-próf voru dýrust, en kostnaðurinn við þau var um 5,3 milljarðar á umræddu tímabili. Kostnaðurinn við hraðpróf var um einn milljarður og landamæraskimanir kostuðu 2,3 milljarða.

Í svari heilbrigðisráðherra var einnig útlistaður kostnaður við aðra þætti, svo sem sóttkví, rakningar og ferðamannavottorð en samtals var kostnaðurinn við þessa þrjá þætti um 350 milljónir króna.

Hraðprófin voru kynnt til sögunnar síðastliðið sumar en með tilslökunum á sóttvarnaaðgerðum sama haust jókst kostnaður vegna þeirra verulega en með þeim var heimilt að halda viðburði fyrir allt að fimm hundruð manns með skilyrði um framvísun hraðprófs. ■

**Kostnaður ríkissjóðs við skimanir vegna Covid-19**

| | |
|---|---|
| PCR-próf | 5.361.253.085 kr. |
| Hraðpróf | 1.011.158.275 kr. |
| Landamæraskimun | 2.291.672.579 kr. |
| Sóttkví | 215.325.213 kr. |
| Rakning | 16.551.003 kr. |
| Ferðamannavottorð | 330.625.698 kr. |
| Annað | 746.887 kr. |
| **Samtals** | **9.227.332.740 kr.** |

# Áhyggjuefni að mikill meirihluti innflytjenda kunni ekki íslensku

**Langstærstur meirihluti innflytjenda er undir viðmiði þegar kemur að íslenskukunnáttu. Lektor við Háskóla Íslands segir slæma íslenskukunnáttu gera nemendum erfiðara fyrir. Menntamálaráðuneytið segir þetta áhyggjuefni.**

birnadrofn@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Í janúar voru 36 prósent fimmtán ára nemenda undir lágmarksviðmiði í lestri. Samkvæmt lesfimiprófum Menntamálastofnunar hefur frá síðustu aldamótum um þriðjungur 15 ára nemenda verið undir lágmarksviðmiði í lestri.

Niðurstöður PISA-könnunarinnar fyrir árið 2018 sýndu að einn þriðji hluti drengja hafði ekki lágmarksfærni í lesskilningi og helmingur nemenda af erlendum uppruna. Þá séu 92,5 prósent innflytjenda á rauðu eða gulu viðmiði þegar kemur að íslenskukunnáttu og þurfi því aðstoð við íslenskunám.

Doktor Sigríður Ólafsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, segir málþroska og læsi barna fara verulega eftir því hversu góð tækifæri þau fá til að nota tungumálið, hlusta á og segja sögur, tala saman um nýja þekkingu og velta fyrir sér ólíkum sjónarhornum.

Í hvert sinn sem ákveðin viðfangsefni séu tekin fyrir í mállegum samskiptum, jafnvel með ungum börnum í leikskóla, sé lagður grunnur að framtíðarfærni barna í að afla sér þekkingar og nýta sér hana. „Íslenskufærnin eykst síðan þegar börn lesa sjálf og sum börn þurfa meiri stuðning en önnur, markvissan stuðning með kennsluaðferðum sem rannsóknir sýna að skila bestum árangri,“ segir Sigríður.



Niðurstöður könnunarinnar sýna að 92,5 prósent innflytjenda séu á rauðu eða gulu viðmiði þegar kemur að íslenskukunnáttu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> ” Þau geta lært að lesa íslensku á sama tíma og við kennum þeim íslensku.
>
> Dr. Sigríður Ólafsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Spurð að því hvort börn sem ekki kunni íslensku, það er börn sem flytja til landsins á ýmsum aldri, geti lært að lesa á íslensku um leið og þau takist á við tungumálið segir Sigríður það gagnlegt. „Þau geta lært að lesa íslensku á sama tíma og við kennum þeim íslensku. Það er einmitt mjög æskilegt að lestur og málörvun fari saman með nemendum á grunnskólaaldri, því auðveldara er að læra orðin þegar maður heyrir þau og sér þau líka skrifuð með bókstöfum,“ segir hún.

Þá segir Sigríður að lestur tungumáls sem nemendur skilji ekki færi þeim þó einungis tækni í lestri, það að kunna illa tungumál skólans geri þeim námið erfiðara. Þó verðum við að átta okkur á því að framfarir í náminu leiði til þess að færni í tungumáli skólans eflist samhliða. „Ef við tökum stærðfræði sem dæmi, hvernig getur barn náð framförum í stærðfræði í íslenskum skóla án þess að íslenskukunnátta fylgi með, það er bara ómögulegt,“ segir hún.

„Það sem er mjög alvarlegt hjá okkur á Íslandi er að munur á íslenskufærni barna með íslensku sem móðurmál og þeirra sem nota önnur tungumál en íslensku heima fer vaxandi,“ bætir Sigríður við.

Strax í leikskóla séu tækifæri til að gefa börnum færni í íslensku, að þau myndi tengsl við starfsfólk og önnur börn og eigi í gagnkvæmum tjáskiptum. „Einkenni ungra barna sem skilja illa tungumál leikskólans er að þau draga sig í hlé. Taka ekki þátt í því sem krefst málnotkunar og fara því á mis við markvisst nám leikskólans og framfarirnar verða því minni.“

Í skriflegu svari menntamálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að takmörkuð íslenskukunnátta innflytjenda í grunnskólum sé áhyggjuefni. „Þetta á einnig við um börn innflytjenda sem fædd eru á Íslandi. Þessi mál eru í forgangi innan ráðuneytis og mikil vinna að eiga sér stað að færa þessi mál til betri vegar.“

Þar segir að búið sé að endurskoða kafla um íslensku sem annað móðurmál í aðalnámskrá grunnskóla og að meðal annars hafi verið sett ný hæfniviðmið fyrir íslensku. Nú sé unnið að innleiðingu þessara breytinga. SJÁ SÍÐU 9 ■

## Segir Ísland í góðum félagsskap á lista Rússlands

jonthor@frettabladid.is

**ALÞINGI** Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra flutti munnlega skýrslu um innrás Rússa í Úkraínu á Alþingi í gær. Þar kom fram að Ísland væri á lista Rússlands yfir óvinveitt ríki. Þórdís Kolbrún sagði veru Íslands á listanum ekki óvænta og benti á að áhrif hans væru óljós, félagsskapur Íslands á listanum væri „ekki slæmur“.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Síðari ræðu sinni beindi hún að þeim þingmönnum sem nefndu að Ísland væri herlaus þjóð. Sagði hún að þakka mætti fyrir það en það ætti ekki að gorta sig af því, það væri einnig sjálfsmynd Íslands að vera aðili að Atlantshafsbandalaginu. ■

## Notendaráð gæti hags sjúklinga

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt nýju frumvarpi Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra verður stofnað sjö manna notendaráð heilbrigðisþjónustu. Munu sjúklingasamtök tilnefna fulltrúa í ráðið og forstjórar og stjórnir heilbrigðisstofnana hafa samráð við ráðið til að tryggja að sjónarmið notenda séu til hliðsjónar við ákvarðanatöku er varðar hagsmuni sjúklinga.



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

MND á Íslandi, Geðhjálp og fleiri sjúklingasamtök gagnrýndu upprunalegt frumvarp ráðherra þar sem ekki var gert ráð fyrir neinni aðkomu notenda að stjórn. Töldu þau eðlilegt að notendur fengju sæti í stjórn Landspítala. ■


EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.

Jeep rafknúnu jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
WWW.ISBAND.IS • WWW.JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep 4xe

# Framtalið þitt er opið til staðfestingar

**Viðskiptavinir eru eindregið hvattir til að afgreiða sig sjálfir með rafrænum hætti. Einnig er unnt að hringja og fá aðstoð eða senda tölvupóst.**

### Upplýsingar á framtali

Framtalið er með árituðum upplýsingum og því er skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins ***skattur.is***. Áríðandi er að fara vel yfir upplýsingarnar og athuga hvort eitthvað vanti. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

### Innskráning á skattur.is

Unnt er að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða veflykli Skattsins. Rafræn skilríki getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Ef þú átt ekki veflykil getur þú sótt um hann á þjónustuvefnum ***skattur.is*** og fengið hann sendan í heimabanka eða á lögheimili.

## *Skilafrestur er til 14. mars*

## Við veitum aðstoð

### Símaþjónusta í 442-1414

Starfsfólk Skattsins veitir þjónustu virka daga frá kl. 09:00 til 15:30 í síma 442-1414 meðan á framtalsfresti stendur.

### Pantaðu símtal - við hringjum í þig

Hægt er að panta símtal á vefsíðu okkar *skatturinn.is* og við hringjum í þig!

### Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á póstfangið *framtal@skatturinn.is*.



**Ekki er veitt framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins.**

Skatturinn | framtal@skatturinn.is | 442 1414

# Dró formannsframboð sitt til baka vegna illinda

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Þorkell Sigurlaugsson hætti við formannsframboð sitt í gær en búist hafði verið við hitafundi á aðalfundi Félags eldri borgara sem fram fer í dag. Ingibjörg H. Sverrisdóttir mun líklega gegna formannsstöðu áfram.

„Ástæðan er sú að ég kann illa við þá andúð og átök sem virðast hafa verið á bak við tjöldin vegna þessa framboðs. Heift og úlfúð sem ég vil ekki tengjast,“ sagði Þorkell í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

Illindin sem Þorkell vísar til eru meðal annars umræða um að hann hafi verið gerður út af Sigurði Kolbeinssyni viðskiptamanni sem hafi lagt á ráðin um fjandsamlega yfirtöku í félaginu í eiginhagsmunaskyni. Deilan tengist að hluta ferðaskrifstofumálum eldri borgara.



Þorkell Sigurlaugsson

„Ég vísa því algjörlega á bug og það sem mér fannst sorglegast voru einmitt dylgjur um að ég væri leppur Sigurðar,“ segir Þorkell. „Það er dapurlegt að fá svona móttökur frá fólki sem situr þarna í stjórn,“ segir hann.

Kári Jónasson, stjórnarmaður í félaginu og fyrrverandi ritstjóri og fréttastjóri RÚV, sagði í samtali við Fréttablaðið áður en ákvörðun Þorkels lá fyrir að hann óttaðist að Sigurður Kolbeinsson viðskiptamaður stæði á bak við formannsframboð Þorkels.

Þorkell er frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins og býður sig fram í 2. sætið. Hann segir að síst af öllu hafi hann viljað að þetta mál truflaði framboð hans til borgarstjórnar. ■



Frá samstöðufundi í Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Stuðningsmenn Pútíns sameinast undir zetunni

arnartomas@frettabladid.is

**RÚSSLAND** Bókstafurinn zeta er orðinn að sameiginlegu tákni þeirra sem vilja sýna stuðning sinn við rússnesku ríkisstjórnina. Stuðningsmenn Pútín-stjórnarinnar í Rússlandi og fleiri löndum skreyta nú fatnað sinn, bíla og annað með zetunni.

Zetu-merkingin vakti heimsathygli er rússnesk landtæki voru merkt bókstafnum þegar innrásin í Úkraínu hófst. Ekki liggur fyrir hvað zetan stendur fyrir en vilja sumir túlka hana sem styttingu á Za pobedy (rússn. „Til sigurs“). ■



Íbúar flýja Írpín í gær.

## Erfitt að fá rétta tölu yfir þau látnu

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Minnst 400 óbreyttir borgarar hafa látið lífið í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu samkvæmt mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Talsmaður ráðsins sagði við blaðamenn í gær að erfitt væri að fá réttar tölu yfir hin látnu og að kallað hefði verið eftir því að starfsmenn fengju að komast hindrunarlaust að átakasvæðunum.

Harðir bardagar voru í gær í borginni Míjkolaív, norðvestur af Kerson í sunnanverðu landinu. Einnig hafa rússneskar hersveitir farið inn í bæinn Írpín, rétt vestan megin við Kíjív.

CNN hefur eftir háttsettum embættismanni í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna að Rússar hafi skotið 625 flugskeytum á Úkraínu frá því innrásin hófst. Þá séu Rússar búnir að beita öllum þeim hersveitum sem hafi verið í viðbragðsstöðu við landamæri Úkraínu fyrir innrásina. ■

# Moscow Mule verður Kyiv Mule á börum bæjarins í samstöðuaðgerð

**Íslenskir veitingamenn hafa tekið rússneskan vodka úr hillum hjá sér og vinsælir kokteilar á við Moscow Mule og White Russian hafa fengið ný nöfn, sem samstöðuaðgerð með Úkraínumönnum. Einn stærsti heildsali með vodka á Íslandi sýnir samstöðuna í verki og hefur hætt sölu á vodka frá Rússlandi.**



Moscow Mule, eða Moskvumúlasni, er búinn til úr rússneskum vodka, limesafa og engiferbjór. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ninarichter@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Vínbúðin hefur í samstarfi við heildsöluna Vínnes tekið fjórar af fimm rússneskum vodkategundum úr sölu hjá sér, í samstöðu með Úkraínumönnum vegna stríðsreksturs Rússa í Úkraínu. Birkir Ívar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vínness, segir fyrirtækið vissulega finna fyrir minnkandi sölu.

„Við eigum fjórar af þessum fimm vörum sem Vínbúðin tók úr sölu og þá er þetta í samstarfi við okkur. Mönnum er ekki heimilt að taka einhliða vörur úr sölu. Það er þannig. Ég þekki ekki umfangið á veitingastöðum en það er auðvitað eitthvað. Það verður væntanlega ekki mikil ásókn í rússneskan vodka á næstu dögum og vikum.“

Aðspurður hvort sala á rússneskum vodka sé stórt hlutfall af heildarsölu á vodka segir hann svo vera. „Fólk er þá bara að taka annan vodka, væntanlega frá samkeppnisaðilum. Það er í rauninni lítið við því að gera,“ segir Birkir. „Og án þess að ætla að reka pólitískan áróður á hvorn veginn sem er, þá klárlega tökum við afstöðu með því að taka vöruna úr sölu í ÁTVR.“

Baldur Guðmundsson Hraunfjörð, veitingamaður á kokteil- og vínbarnum Veðri, tekur í sama streng. „Það er búið að breyta Moscow Mule í Kyiv Mule og við erum ekki með neinn rússneskan vodka hjá okkur. Við erum að kalla White Russian: White Ukrainian,“ segir Baldur. „Ef einhver biður um White Russian þá eru þeir að biðja um White Ukrainian.“

> Ef einhver biður um White Russian þá eru þeir að biðja um White Ukrainian.



Baldur Guðmundsson Hraunfjörð, veitingamaður á Veðri

> Það verður væntanlega ekki mikil ásókn í rússneskan vodka á næstu dögum og vikum.



Birkir Ívar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vínness

Hann segir viðbrögð viðskiptavina hafa verið með eindæmum jákvæð. „Já, viðbrögðin hafa verið mjög góð og fólk virðist mjög stolt af okkur. Alltaf kemur bros á vör þegar fólk sér Kyiv Mule,“ segir Baldur. „Fyrir fólk virðist það hafa mikla þýðingu að sýna samstöðu.“

Fréttablaðið ræddi við fleiri veitingamenn í miðborginni sem tóku í sama streng og sögðust hafa tekið allan rússneskan vodka úr hillunum hjá sér og taka með því afstöðu, en treystu sér þó ekki til að koma fram undir nafni, að sögn af ótta við að skaða orðspor vörumerkja og birgja. ■

# Rúblan helmingast frá því að innrásin hófst

olafur@frettabladid.is

**RÚSSLAND** Rúblan er í frjálsu falli sem einna helst má líkja við fall íslensku krónunnar 2008. Það sem tók marga mánuði á Íslandi hefur gerst á aðeins 12 dögum í Rússlandi.

Í byrjun febrúar kostaði einn Bandaríkjadalur 77,7 rúblur. Við lok markaða 23. febrúar, kvöldið áður en her Pútíns réðst inn í Úkraínu, kostaði dollarinn 78,8 rúblur.

Föstudaginn 4. mars kostaði dollarinn 109,5 rúblur og hafði hækkað um 39 prósent. Þetta jafngildir falli rúblunnar upp á um 29 prósent á átta dögum.

Um helgina lét Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þau orð falla í sjónvarpsviðtali að Bandaríkin og Evrópa væru að íhuga sniðgöngu á rússneskri olíu.

Þrátt fyrir að ekki séu taldar miklar líkur á slíkri sniðgöngu vegna þess hve Evrópa er háð innflutningi á olíu og gasi frá Rússlandi varð blóðbað á gjaldeyrismörkuðum er þeir opnuðu í gærmorgun.

Rúblan lækkaði við opnun markaða, náði sér aðeins á strik aftur fyrir hádegið en var svo í frjálsu falli eftir hádegi til lokunar.

Lokagengi dagsins var 154,25. Rúblan hefur því fallið um 49 prósent á tólf dögum frá því innrásin í Úkraínu hófst.

Svona hrun gjaldmiðils á einna helst samlíkingu í því að íslenska krónan missti helming verðgildis síns árið 2008. Frá ársbyrjun til ársloka 2008 lækkaði krónan um 48,2 prósent gagnvart dollar og raunar var lækkunin meiri á tímabili í nóvember og desember.



Bandaríkjadalur hefur tvöfaldast í verði gagnvart rúblunni á aðeins 12 dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> » Rúblan hefur fallið um 49 prósent á 12 dögum.

Í Rússlandi hefur rúblan nú fallið um 49 prósent á 12 dögum. Þetta þýðir að allar erlendar vörur tvöfaldast í verði og stefnir í óðaverðbólgu. Höggið er gríðarlegt fyrir efnahag Rússlands og fjárhag almennings í landinu. ■



# Íbúafundur borgarstjóra í Breiðholti

**Borgarstjóri býður til opins íbúafundar miðvikudaginn 9. mars kl. 20.00 í Breiðholtsskóla.**

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtal við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir á netfangið ibuafundir@reykjavik.is eða borið þær fram á fundinum sjálfum.

Heitt verður á könnunni frá kl. 19.30 en fundinum verður einnig streymt á vef Reykjavíkurborgar.

## Dagskrá íbúafundar

**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri
Breiðholt

**Magdalena Mejia**
íbúi í Breiðholti
Breiðholtið mitt

**Yrsa Sigurðardóttir**
byggingaverkfræðingur hjá VERKÍS
Framkvæmdir við íþróttamannvirkin í S-Mjódd

Fyrirspurnir íbúa

**Sara Björg Sigurðardóttir**
formaður íbúaráðs Breiðholts
Fundarstjóri

Nánari dagskrá og streymi má finna á reykjavik.is/ibuafundir

Reykjavíkurborg

# Kolsvört skýrsla



**Björk Eiðsdóttir**
bjork
@frettabladid.is

Nú þegar augu heimsins beinast að Úkraínu kom út á vegum Sameinuðu þjóðanna (IPCC) kolsvört skýrsla, um annað stríð. Skýrslan, sem fjallar um horfur í umhverfismálum og hundruð vísindamanna hafa unnið að í mörg ár, kom út nokkrum dögum eftir að Rússar gerðu innrás í Úkraínu. Skýrslan, sem sýnir skýrar en áður að við stefnum hraðbyri á óafturkræfan stað, þar sem líf á jörðu verður aldrei samt, fékk þó engan veginn þá athygli sem hún á skilið. Ráðamenn heimsins eru uppteknir við annað, að leita leiða til að stöðva miskunnarlaus morð á saklausu fólki og afstýra heimsstyrjöld.

Það er þyngra en tárum taki að allar eru þessar ógnanir sem að mannkyninu steðja af manna völdum og allar eru þær viðráðanlegar.

Jörðin er nú þegar 1,1 gráðu heitari en hún var fyrir iðnbyltingu og hefur markmiðið verið að halda hækkuninni undir einni og hálfri gráðu til viðbótar. Það hámark nálgast óðum og ef við förum yfir það mun það hafa skelfileg áhrif í hundruð, ef ekki þúsundir ára – jafnvel þó að hitastig lækki aftur.

Mannkynið hefur leitað ýmissa leiða til að aðlagast áhrifum þeim sem þegar hafa orðið vegna hlýnunar. Víða hafa verið settir upp varnarveggir til að bægja frá hækkun sjávarborðs, byggingarreglugerðum hefur verið breytt svo hús þoli betur válynd veður og þar fram eftir götunum. Slíkar aðgerðir eru þó aðeins skammgóður vermir og við erum að verða uppiskroppa með þær. Nú þegar upplifir helmingur jarðarbúa vatnsskort ár hvert og með enn meiri hlýnun verður sá vandi enn stærri. Ef spár ganga eftir ætti hitastig jarðar að vera orðið tveimur gráðum hærra um miðja öldina sem myndi valda þremur milljörðum manna viðvarandi vatnsskorti með tilheyrandi áhrifum á matvælaframleiðslu og lífsgæði.

Þau sem minnsta ábyrgð bera á vandanum líða mest fyrir hann. Það eru fátækari ríkin í Suður-Ameríku, Asíu, Afríku og Eyjaálfu sem minnst losa sem hafa upplifað hvað mest áhrif af veðuröfgum og flóðum.

> „Mikilvægasta niðurstaða skýrslunnar er þó þessi: Við getum enn afstýrt því versta.

Mikilvægasta niðurstaða skýrslunnar er þó þessi: Við getum enn afstýrt því versta. Stærstu ógnirnar eru aðgerðaleysi stjórnvalda og rangar eða misvísandi upplýsingar – og því má breyta.

Augu okkar allra eru á hörmulega stríði. Heimurinn hefur tekið höndum saman í samstöðu með Úkraínu og refsiaðgerðum gegn Rússum. Það sýnir og sannar að við getum staðið saman þegar mikið liggur við – en umhverfisváin bíður því miður ekki fram yfir stríð. ■




## Halldór




## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

**Drekar**

Austfirðingar eru nú í lykilstöðu til að lagfæra þau hörmulegu mistök að láta sameinað sveitarfélag heita hinu drepleiðinlega nafni Múlaþing. Nú eru Vopnfirðingar að íhuga að ganga inn í sveitarfélagið og má nú lagfæra mistökin með stæl með því að tilkynna um Drekabyggð. Mögulega þarf að taka þetta úr höndunum á heimamönnum samanber nýjustu fregnir af sameiningu íþróttafélaga í Knattspyrnufélag Austfjarða. Í stað þess að keppa við Drekana á Eldvelli í Drekabyggð verður keppt við KA(!?) á Zzzvelli(líklega). Austfirðingar þurfa alvarlega að hugsa sinn gang ef þeir ætla ekki að verða þjóðarútgáfan af skrítna frændanum sem vill endilega fá þig í heimsókn, svo þegar þú mætir kveikir hann á The Beautician and The Beast með Fran Drescher.

**Stóra málið**

Nýjasti hópur kúgaðra eru lágvaxnir hvítir, miðaldra karlmenn. Má nú varla líta til hliðar án þess að talað sé um Pútín sem „litla kallinn“ eða þaðan af verra. Er kallað eftir því að gert verði grín að öðrum atriðum í fari Pútíns, til dæmis göngulagi. Grín að hluta mesta minnihlutahópsins er það eina sem þarf að laga í samfélaginu. Já og gleðilegan baráttudag kvenna. ■

# Baráttan sem breytir heiminum



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra

Í dag fögnum við alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Við erum á leið út úr heimsfaraldri þar sem við sáum kvennastéttir lyfta grettistaki innan heilbrigðiskerfisins, víða jókst heimilisofbeldi vegna innilokunar og takmarkana og vinnumarkaðurinn breyttist með aukinni fjarvinnu og ólíkum áhrifum á karla og konur.

Hér á Íslandi sáum við líka þá breytingu að tilkynntum nauðgunum fækkaði vegna samkomutakmarkana – árið 2020 fækkaði þeim um 43%. Hvernig við skemmtum okkur hefur gríðarleg áhrif á öryggi kvenna – og þess vegna hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að ráðast í sérstakt átaksverkefni til að koma í veg fyrir að þessum glæpum fjölgi aftur þegar djammið hefst á ný.

Á sama tíma er um helmingur tilkynntra ofbeldisbrota heimilisofbeldi. Frá því að verklagi í heimilisofbeldisbrotamálum var breytt 2014 hefur hlutfallið farið úr 20% í tæpan helming af öllum ofbeldisbrotum sem rata til lögreglu. Það tengist breyttum skilgreiningum, breyttri skráningu, breyttu verklagi þar sem málin eru rannsökuð strax og félagsþjónustan aðstoðar þolendur strax á vettvangi. Þessi mál eru í mikilli deiglu. Hins vegar er það ein af þeim þversögnum sem við þurfum að takast á við að Ísland sé best í heimi þegar kemur að jafnrétti kynjanna – og um leið sé heimilisofbeldi jafn útbreitt vandamál og raun ber vitni. En um leið er ljóst að breytt verklag hefur skilað vandanum upp á yfirborðið og þá getum við miklu betur tekist á við hann.

> „Við erum á leið úr heimsfaraldri þar sem við sáum kvennastéttir lyfta grettistaki innan heilbrigðiskerfisins.

Árangur í jafnréttismálum á Íslandi, hvort sem er í leikskólamálum, fæðingarorlofi, kynbundnum launamun eða kynbundu ofbeldi má fyrst og fremst rekja til samstöðu kvenna og kvennahreyfingar sem hefur barist fyrir og náð fram mikilvægum kerfislægum umbótum í samfélagi okkar. Sú barátta hefur skilað fleiri konum til forystu og breyttum áherslum við mótun samfélagsins. Við baráttukonur dagsins í dag vil ég segja: Takk fyrir að berjast, takk fyrir að stíga fram, takk fyrir að standa saman og styðja hver aðra, takk fyrir að breyta samfélaginu til hins betra fyrir okkur öll. Gleðilegan alþjóðlegan baráttudag kvenna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Íslenska og læsi í skólastarfi

Dr. Sigríður Ólafsdóttir
lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

> Íslenskufærni eflist fyrst og fremst í virku skólastarfi, þegar nemendur fá tækifæri til að lesa, tala saman og skrifa, og læra margvísleg orð, m.a. orð sem eru lykill að flókinni hugsun.



Samkvæmt lesfimiprófum Menntamálastofnunar hefur frá síðustu aldamótum um það bil þriðjungur 15 ára nemenda verið á rauðu í grunnfærni í lestri, en í janúar 2022 var hlutfallið 36%. Niðurstöður PISA fyrir árið 2018 sýndu að einn þriðji hluti drengja og helmingur nemenda af erlendum uppruna hafði ekki lágmarksfærni í lesskilningi. Staðan er nokkuð alvarleg því kröfur um lestrarfærni hafa síður en svo minnkað síðustu áratugi, heldur þvert á móti hefur lestrariðkun sífellt orðið fjölbreyttari og flóknari.

Nú leitum við okkur þekkingar á margs konar miðlum, ómælt magn upplýsinga er sett fram á margvíslegan hátt. Ekki nægir lengur að geta lesið texta og skilið innihald hans, heldur þurfum við að átta okkur á því að sumt sem við lesum er lygi, annað eru ályktanir eða skoðanir, og svo er að finna þekkingu sem hvílir á rannsóknum.

Góð lestrarfærni verður ekki til bara þegar ráfað er á netmiðlum með ákveðna leit í huga. Læsi byggir á reynslu hvers einstaklings – fyrst er það málörvun á heimilum og síðan virk þátttaka í skólastarfi.

Öll börn eiga rétt á því að taka virkan þátt í skólastarfi, hvað svo sem skólafyrirkomulagið heitir, skóli án aðgreiningar, skóli fyrir alla, einstaklingsmiðað nám. Það sem skiptir öllu máli er að hver kennslustund nýtist hverju barni til framfara.

Málþroski og læsi barna fer eftir því hversu góð tækifæri þau fá til að hlusta á sögur og segja sögur, tala saman um nýja þekkingu, velta fyrir sér ólíkum sjónarhornum. Í hvert sinn sem ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir í mállegum samskiptum, jafnvel með ungum börnum í leikskóla, er lagður grunnur að framtíðarfærni barna í að afla sér þekkingar og nýta sér hana.

Íslenskufærnin eykst síðan þegar börn lesa sjálf, og sum börn þurfa meiri stuðning en önnur, markvissan stuðning með kennsluaðferðum sem rannsóknir sýna að skila bestum árangri.

Tungumál í virku skólastarfi, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, er mun ríkulegra en tungumálið sem notað er á heimilum. Jafnvel þótt fjallað sé um málefni líðandi stundar við eldhúsborðið, eins og flóttamannastrauminn nú, verður umræðan aldrei sambærileg við markvissa umfjöllun í skólastarfi sem nýtt er á ýmsum sviðum námsins, í samfélagsfræði, íslenskutímum og náttúruvísindum.

Þegar málefni eru rædd í öflugu skólastarfi á dýptina, þekking aukin og unnið með nýjar upplýsingar í rökræðum og síðan í rituðu máli verður umfjöllunin miklu ríkari, tungumálið verður mun fjölbreytilegra en í samtali með fjölskyldu og vinum. Í árangursríku skólastarfi nær læsisfærnin, íslenskufærnin að blómstra. Í skólanum eru tækifærin mest og best fyrir málþroska og læsi barna og fyrir íslenska tungu.

En höfum við veitt styrki í slíkt skólastarf? Fá kennarar á öllum skólastigum viðurkenningu, laun, hvatningu og stuðning í samræmi við þetta mikilvæga hlutverk í starfi þeirra með börnum? Kennarar sem ræða á íslensku við börn um stærðfræði, náttúruvísindi, samfélagsfræði, bókmenntir. Öll þessi íslenska sem notuð er á hinum ýmsu sviðum skólastarfs með börnum frá tveggja ára aldri og í gegnum allt skólakerfið.

Við höfum styrkt máltækni fyrir íslensku, til að við getum rætt á íslensku við bílana, snjalltækin og annað, sem er hið besta mál. Við þurfum að geta notað íslensku í daglegu lífi á tækniöld. En hvaða tungumál er það sem við notum við snjalltækin okkar í daglegu amstri? Er það námstengt tungumál? Sennilega á einhverjum sviðum, en litlar líkur eru á því að við notum í samtölum við tækin okkar orð eins og orsakir, afleiðingar, ógn, framvinda, hagsmunir, fordómar, fordæma, hlutleysi, afstaða, gefa eftir, gefast upp, af því leiðir, í hnotskurn.

Tal við tækin á íslensku eða afþreying á íslensku, það er aldrei tungumál sambærilegt við tungumálið sem notað er í innihaldsríku skólastarfi. Íslensku stendur engin ógn af því að börn og ungmenni noti ensku og önnur tungumál í frítíma sínum, í raun er það mjög æskilegt og sjálfsagt. Miklu meiri hætta stafar af því að börn séu meira og minna óvirk í skólastarfi, fjögur ár í leikskóla og síðan tíu ár í grunnskóla, fyrir lífsgæði barna, lýðræðið og samfélagið í heild. Börn sem skilja lítið og tala lítið, börn sem ná ekki tökum á lestri og börn sem lesa og skrifa sjaldan, það er staða sem er óásættanleg.

Íslenskufærni eflist fyrst og fremst í virku skólastarfi, þegar nemendur fá tækifæri til að lesa, tala saman og skrifa, og læra margvísleg orð, m.a. orð sem eru lykill að flókinni hugsun. Þegar nemendur nota svo orðin í umræðum og ritun má segja að þau hafi eignast orðin. Með flókinni umræðu fylgir fjölbreytilegt tungumál: Fjölbreytilegur orðaforði, málfræði og setningagerð.

Gefum börnunum slíkt tungumál, að þannig tungumál verði þeirra. Þá verða þau sífellt betur í stakk búin til að hugsa um og ræða flókin málefni og leita sér þekkingar víða, á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.

Að íslenskan verði allra barna í íslenskum skólum, með öllum þeim blæbrigðum sem nemendur þurfa á að halda fyrir þekkingu sína og visku og ófyrirsjáanlega framtíð.

Við þurfum að gefa kennurum og skólabörnum stuðning, svigrúm og möguleika á því að vinna á svo árangursríkan hátt með málþroska og læsi. Við þurfum að veita styrki í þróun máleflandi skólastarfs og rannsóknasamstarf sérfræðinga á sviði málþroska, læsis og íslenskra fræða. Jafnframt þarf að létta álagi af kennurum með því að ráða fleira fagfólk inn í skólana. Það væru göfug skref börnunum til heilla. ■

APOTEK
KITCHEN+BAR
FRÁBÆR Í HÁDEGINU
FISKIVEISLA
3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

MARS TILBOÐ
1.990 kr. á mann
GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR
Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.
APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Hilmar Karlsson**
Marargötu 2,

lést á líknardeild Landspítalans
miðvikudaginn 23. febrúar.
Útförin fer fram frá Neskirkju
miðvikudaginn 9. mars klukkan 13.

**Kristín Ingvadóttir**
**Þóra Hilmarsdóttir Þór Elíasson**
**Æsa Þórsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kjartan Bjarni Bjarnason**
Vatnsholti 18, Keflavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu,
þriðjudaginn 22. febrúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
föstudaginn 11. mars klukkan 12.

**Guðmundur Rúnar Kjartansson Marilynn C. Blance**
**Bjarni Jóhann Kjartansson**
**Atli Birkir Kjartansson Hrönn Konráðsdóttir**
**Elisabet Kjartansdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Björnsdóttir**
áður til heimilis að
Kjartansgötu 5, Borgarnesi,

lést í Brákarhlíð 21. febrúar sl.
Útförin fer fram frá Borgarneskirkju
þriðjudagina 15. mars nk. klukkan 14.
Alúðarþakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir góða
umönnun og ljúft viðmót.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð
Brákarhlíðar, brakarhlid.is/minningarsjodur/
Athöfninni verður streymt á kvikborg.is

**Konráð Andrésson**
**Birna G. Konráðsdóttir Brynjar H. Sæmundsson**
**Ingibjörg A. Konráðsdóttir Gunnar Á. Gunnarsson**
**Konráð Konráðsson Arna Einarsdóttir**
**Jóhanna M. Konráðsdóttir Guðjón H. Egilsson**
**Andrés Kr. Konráðsson**
**og fjölskyldur.**

---




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar sé þess óskað



Jóhanna Eiríksdóttir Sverrir Einarsson Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242


---



✝

Okkar ástkæri

**Þórarinn Baldursson**
læknir,

lést á Krabbameinsdeild LSH
laugardaginn 5. mars.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Birta Einarsdóttir**
**Sigrún Þórarinsdóttir**
**Loftur Þórarinsson**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
bróðir, afi og langafi,

**Friðþjófur Þórarinsson**
Goðabraut 22, Dalvík,

lést á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík,
mánudaginn 28. febrúar.
Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju
fimmtudaginn 10. mars klukkan 14.

**Þorsteinn Friðþjófsson Harpa Sigfúsdóttir**
**Björn Friðþjófsson Helga Níelsdóttir**
**Ingibjörg Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hannes Steingrímsson**
Víðilundi 24,

lést fimmtudaginn 3. mars
á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Svavar Hannesson**
**Steingrímur Hannesson Erla Elísabet Sigurðardóttir**
**afa- og og langafabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Andrea Halldóra Oddsdóttir**
áður til heimilis að Fífuseli 14,

lést 1. mars sl. á hjúkrunarheimilinu Skjóli.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn
11. mars kl. 11.

**Tryggvi Arason**
**Ari Tryggvason Ólafía Daníelsdóttir**
**Björn Jakob Tryggvason Erla Björk Steinarsdóttir**
**Sigríður Kristín Tryggvadóttir**
**Kári Tryggvason Rannveig Rúnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Elsku mamma, dóttir og systir okkar,

**Svanhvít Loftsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar
mánudaginn 21. febrúar.
Jarðsungið verður frá Háteigskirkju
fimmtudaginn 10. mars klukkan 13.

**Stefán Már Helgason, Thelma Dís Helgadóttir**
**Loftur Páll Bjarnason Gyða Þórólfsdóttir**
**Regína Magdalena Loftsdóttir, Berglind Gyða Loftsdóttir**

---



✝

Okkar ástkæra móðir og tengdamóðir,

**Hulda Axelsdóttir**
frá Nautabúi,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni
á Sauðárkróki þann 21. febrúar.
Jarðsungið verður frá Mælifellskirkju
þann 12. mars kl. 14 en að ósk hinnar látnu
verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir.
Streymt verður frá athöfninni á slóðinni:
https://youtu.be/qYODs0puXJo

**Margrét Helga Steindórsdóttir Guðmundur Lárusson**
**Axel Steindórsson Elín Jóhanna Óskarsdóttir**
**Karen Hulda Steindórsdóttir Eyjólfur Þór Þórarinsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

**Ólafur Baldvinsson**
útgerðarmaður og listamaður
frá Kljáströnd,

verður jarðsunginn frá Grenivíkur-
kirkju laugardaginn 12. mars kl. 14.

**Vinir hins látna.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, systir, amma,
langamma og langalangamma,

**Jónína Jónsdóttir Ward**
Hávallagötu 40,

lést föstudaginn 4. mars
á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför verður auglýst síðar.

**Júlíana Gísladóttir, Jón Gíslason, Júlíus Atli Hálfdánarson**
**og Nína Lea Z. Jónsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Kolbrún Leifsdóttir**
**Kolla**
Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
þriðjudaginn 1. mars. Útför fer fram
í Sandgerðiskirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 14.00.

**Erlingur Björnsson**
**Árni Björn Erlingsson Guðný Ósk Hauksdóttir**
**Anna Ósk Erlingsdóttir Oscar Sjölander**
**Anton Björn Árnason**
**Kolbrún Eva Árnadóttir**
**Karen Björg Árnadóttir**
**Angeline Sjölander**
**Pascal Sjölander**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Weihe**
Dverghamri 17, Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum 26. febrúar.
Útförin fer fram frá Landakirkju
í Vestmannaeyjum, föstudaginn
11. mars klukkan 14.

**Erla Hrönn Snorradóttir**
**Jóhanna Guðný Guðjónsdóttir Stefán Einarsson**
**Hrafnhildur Bára Guðjónsdóttir Björn Svavar Axelsson**
**Haukur Örvar Weihe Guðjónsson Caryn Leigh Wilson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

**Siggeir Ingólfsson**
frá Efra-Seli, Stokkseyrarhreppi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands,
Akranesi, 4. mars.
Útförin mun fara fram frá Eyrarbakka-
kirkju föstudaginn 11. mars kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
Kvenfélag Eyrarbakka.
Hlekk á streymi er hægt nálgast á mbl.is/andlat

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurlaug Siggeirsdóttir**
**Gyða Steina Þorsteinsdóttir**

---



✝

Elsku faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Hannesson**

lést laugardaginn 26. febrúar.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 10. mars klukkan 13.

**Arnbjörg Jóhannsdóttir**
**Jóhanna Jóhannsdóttir Birgir Þórisson**
**Jóhann Þórir Birgisson**
**Hulda Björg Birgisdóttir**
**Margrét Hanna Birgisdóttir Hlynur Sigurðsson**
**Arnbjörg Elín Hlynsdóttir**
**Eysteinn Pétur Hlynsson**

# ALLT








Björk Níelsdóttir leikur Clöru. MYND/JULIETTA WROLAND

## Spennandi tónleikhúsverk

sandragudrun@frettabladid.is

Nýstárlegir tónleikar um píanóleikarann og tónskáldið Clöru Schumann verða fluttir í dag klukkan 19.30 í Salnum í Kópavogi. Um er að ræða tónleikhúsverk þar sem lífshlaup og tónlist Clöru verður í forgrunni auk verka eftir Robert Schumann og Johannes Brahms.

Clara Schumann er ein af þeim örfáu konum sem eiga sér sess í sögu sígildrar vestrænnar tónlistar á 19. öld. Í um 150 ár hefur oftast verið fjallað um hana sem eiginkonu Roberts Schumann, eins þekktasta tónskálds 19. aldar, og hinn meinta ástarþríhyrning þeirra og Johannesar Brahms, en í tónleikhúsi Cauda Collective og Miðnættis verður saga Clöru sögð út frá hennar sjónarhorni.

**Tónlistar- og leiklistarblanda**

Clara er samstarfsverkefni Cauda Collective og Miðnættis en tónlistarhópurinn Cauda Collective er skipaður þeim Björk Níelsdóttur sópran sem tekur að sér hlutverk Clöru á tónleikunum, fiðluleikaranum Sigrúnu Harðardóttur, sellóleikaranum Þórdísi Gerði Jónsdóttur og píanóleikaranum Jane Ade Sutarjo.

Hópurinn hefur það að markmiði að blanda saman klassískri kammertónlist við nýja tónlist og flétta saman við önnur listform. Hann leitar skapandi leiða til að miðla tónlist og brjóta upp hefðbundið tónleikaform svo að útkoman verði áhugaverð fyrir áhorfendur og flytjendur – alltaf með það að leiðarljósi að þjóna tónlistinni.

Handritagerð er í höndum hópsins en um leikstjórn sér Agnes Wild og búningar og leikmynd eru í höndum Evu Bjargar Harðardóttur. ■




Björg Árnadóttir segist hlakka til að kenna Sköpunarsmiðjuna: einstakt námskeið sem byggir á hugmyndum um hlutverk flæðis í hamingjunni og að lífið sé einn allsherjar leiðangur í átt til aukins þroska. Á námskeiðinu kynnast þátttakendur ólíkum listgreinum og tjáningarformum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Um sköpunarsmiðjur, mikilvægi tjáningar og samfélagslistir

Björg Árnadóttir, eigandi og aðalkennari fræðslufyrirtækisins Stílvopnsins, hefur um áratuga skeið þróað kennsluaðferðir og kennsluheimspeki á sviði ritlistar og annarra skapandi greina. Hún telur listsköpun vera almenningi afar mikilvæga leið til vaxtar og þroska. 2





Björgu finnst listkennsla og sköpun vera það sem einna mest hefur mótað hana í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sköpunarsmiðjan er spennandi námskeið á vegum Stílvopnsins þar sem markmiðið er að uppgötva innri sköpunarkraft í gegnum ólík listform.

„Ég hlakka svo til,“ segir Björg Árnadóttir þegar hún minnist á Sköpunarsmiðju sína sem haldin verður helgina 18.-20. mars. Björg hefur í áratugi þróað og kennt margvísleg ritlistarnámskeið en Sköpunarsmiðjan er af svolítið öðrum toga. Hana sækir fólk ekki til að tileinka sér ákveðið listform, heldur til að uppgötva innri sköpunarkraft sinn og nýta hann til að takast á við áskoranir daglegs lífs.

„Sköpunarsmiðjuna byggi ég á hugmyndum um hlutverk flæðis í hamingjunni og að lífið sé einn allsherjar leiðangur í átt til aukins þroska. Þarna eru ekki endilega sköpuð áþreifanleg listaverk heldur fyrst og fremst skoðað hvað gerist hið innra í sköpunarferlinu og hvernig listsköpun eflir og þroskar. Ég nota aðferðir ólíkra listgreina, ritlistar, myndlistar, tónlistar, leiklistar og sagnamennsku en einnig sjálfsskoðunaraðferðir eins og samtöl og speglun, leidda hugleiðslu, ígrundun og ritúöl. Fólk þarf ekkert að kunna – bara að mæta! Smiðjan er öllum opin og hana sækir fjölbreyttur hópur, eins og reyndar öll námskeiðin mín, fólk sem annars færi á mis við þetta samtal fjölbreytileikans.

Eftir áratuga kennslu segir reynslan mér að fólk vill fyrst og fremst fá að tala saman og sú þörf hefur aukist í kóvídinu. Stundum miðar mér hægt með efnið af því að tjáningarþörfin er svo rík en það er að sjálfsögðu bara gott. Fáumst við ekki við fyrst og fremst við listir til að tjá okkur?“ spyr Björg.

**Öruggt umhverfi til tjáningar**

Björg hóf náms- og starfsferil sinn í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem myndlistarkennari árið 1983. Svo lærði hún til blaðamanns í Svíþjóð og hefur haft atvinnu af skrifum síðan. Seinna hnýtti hún saman menntun í ritlist og myndlist með meistaranámi í menntunarfræðum skapandi greina.

„Ég hef líka verið í tónlist frá unga aldri en það var ekki fyrr en á síðustu árum að ég þorði að kíkja inn á það svið sköpunar sem ég óttast mest, leiklistina,“ segir hún.




Öllum til heilla – samtal um samfélagslistir, er almannaheillaverkefni um mikilvægi sköpunar í samfélaginu. Upplýsingar á síðunni akademia.is/ollum.

> **Það sem ég er ánægðust með þegar ég lít yfir farinn veg er að hópar, sem voru á námskeiði hjá mér fyrir mörgum árum, eru enn að hittast.**

Meðfram kennslu, rit- og stjórnunarstörfum hefur hún um árabil tekið þátt í norrænum og evrópskum verkefnum á sviði skapandi greina.

„Þannig lenti ég óvart í því sem ég vil kalla hitt háskólanámið mitt. Þvílík gæfa að fá að taka þátt í Grundtvig-, Erasmus+-, EES- og Nordplus-verkefnum! Þar hef ég aflað mér reynslu og þekkingar en einnig fengið að kenna öðrum mínar eigin aðferðir til að virkja almenning til samfélagsþátttöku og þá ekki síst jaðarsetta og berskjaldaða hópa samfélagsins.

Stundum fæ ég að kenna aðferða- og hugmyndafræði ritlistarkennslu en finnst eiginlega skemmtilegra að kenna smiðju sem ég kalla „Að skapa örugg rými“. Hún fjallar um þær aðferðir og hugarfar sem þarf til að öryggi og traust ríki í hópum sem vinna náið saman. Þótt ég hafi lært þessar aðferðir í vinnu með jaðarsettum virka þær víðar, til dæmis á vinnustöðum. Fyrir kemur að ég fæ tífalt betur borgað en venjulega fyrir margfalt auðveldari vinnu: það er þegar ég er beðin um að kenna stjórnendum í atvinnulífinu,“ segir Björg og bætir við, svolítið hreykin: „Það sem ég er ánægðust með þegar ég lít yfir farinn veg er að hópar, sem voru á námskeiði hjá mér fyrir mörgum árum, eru enn að hittast.“

**Öllum til heilla: Samtal um samfélagslistir**

Fyrstu reynslu sína af vinnu með jaðarsettum hópum fékk Björg þegar hún, nýútskrifuð úr myndlistarámi, tók þátt í verkefni um brothættar byggðir á slóðum Sama í Norður-Svíþjóð.

„Síðan hef ég alltaf öðru hverju unnið með fólki í félagsvanda, fólki með margvíslegar greiningar, fátæku fólki og heimilislausu, föngum, fíklum og flóttamönnum, bæði hérlendis og erlendis. Ég hef enga sérhæfingu né heldur hef ég leitast eftir vinnu með ákveðnum hópum, heldur bara tekið því sem til mín hefur komið. Ég vona að ég hafi einhver áhrif á þau sem ég fæ að vinna með en veit að sjálf verð ég fyrir meiri umbreytandi áhrifum. Í yfirburðastöðu minni er ég alltaf að segja og gera eitthvað sem er óviðeigandi í aðstæðunum en þá er mér bara vinsamlegast bent á það og af því læri ég,“ segir Björg.

Um þessar mundir stýrir hún almannaheillaverkefninu Öllum til heilla, samtali um samfélagslistir, verkefni sem varð til að frumkvæði



Mikil samstaða myndast meðal nemenda og fólk sem var á námskeiði hjá Björgu fyrir mörgum árum er sumt hvert enn að hittast. MYND/AÐSEND

ReykjavíkurAkademíunnar, fjölfaglegs vettvangs fræðafólks sem Björg er félagi í. Akademían fékk til liðs við sig í verkefnið jafn ólíka aðila og Öryrkjabandalagið, Listaháskólann, Listahátíð í Reykjavík, List án landamæra, Reykjavíkurborg og Borgarleikhúsið.

„Það hefur verið gjöfult að eiga þetta samtal um mikilvægi lista í svo fjölbreyttum hópi. Undirbúningur hefur staðið með hléum í tvö ár enda hefur verkefnið risið og hnigið í kófinu og viðburðum þess frestað hvað eftir annað. Loks erum við þó farin af stað með viðburðaröð sem lýkur í tengslum við Listahátíð í sumar. Markmiðið er þó ekki eingöngu að búa til viðburði í sal og á neti heldur fyrst og fremst að blása til samtals ólíkra aðila um mikilvægi samfélagslista.“

**Samfélags- og þátttökulistir**

Hugtökin samfélagslistir (e. Community Art) og þátttökulistir (e. Participatory Art) eru tiltölulega lítt þekkt hérlendis en viðburðaröðinni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi lista við að efla gagnkvæman skilning ólíkra samfélagshópa og varpa ljósi á margbreytileikann sem oft er svo hulinn.

„Við viljum ná til sem flestra fag- og hagaðila á sviðinu, þeirra sem dvelja á jaðrinum og hinna betur settu sem að sjálfsögðu glíma flest við einhvers konar jaðarsetningu líka. Grundvallarspurningin er kannski hvað það sé að vera normal. Okkar langar að fá faglært og ófaglært listafólk í umræðuna, fagfólk á sviði velferðar, heilbrigðis og menntunar, fólk í stjórnmálum og stjórnsýslu, félagasamtök og fyrirtæki sem vinna að almannaheillum – já, bara öll sem áhuga hafa á að nota umbreytingarmátt listanna samfélaginu til heilla,“ segir Björg.

Og eftir nokkra umhugsun útskýrir hún hvernig hún sjálf hefur upplifað þennan umbreytingarmátt. „Skapandi ferli hafa áhrif á innri mann. Sjálfri finnst mér sköpun mín og listkennsla einna mest hafa mótað mig í lífinu. Ég óttaðist til dæmis og forðaðist leiklistina svo að það var sannarlega umbreytandi reynsla að fá fyrir nokkrum árum að standa á sviði í Bratislava, setja mig í spor og túlka aðra manneskju í leikriti sem ég hafði sjálf tekið þátt í að semja. Ég skynjaði umbreytingu í sjálfri mér gegnum salinn og fannst stundin jafn gefandi og ótal sálfræðingssamtöl. Þá er ég alls ekki að gera lítið úr störfum sálfræðinga heldur eingöngu að benda á að þátttaka listum er líka ákaflega öflugt tæki öllum til heilla,“ segir Björg og lítur björtum augum til betri tíma fyrir sjálfstætt starfandi kennara að kófinu loknu. ■

Nánari upplýsingar á stilvopnid.is.
Sími: 899-6917.
bjorg@stilvopnid.is.

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

# Fasteignablaðið

**10. TBL.** 8. MARS 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á 49.900 KR
Hafðu samband og kynntu þér ferli skoðunarferða hjá Masa International



Við höfum selt eignir á Spáni frá 1981

MASA INTERNATIONAL
Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520
www.masainternational.is

BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




Dimmuhvarf 27 séð úr lofti. Eignin samanstendur af fjórum íbúðum, bílskúr og hesthúsi með gerði. MYNDIR/AÐSENDAR







Allar íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar og staðsetningin er einstök, í mikilli nánd við náttúruna og Elliðavatn.

# Einbýli með hesthúsi á Vatnsenda

Miklaborg og Jórunn, löggiltur fasteignasali, kynna til sölu glæsilegt einbýlishús við Dimmuhvarf 27 á Vatnsenda í Kópavogi.

Húsið er 356,4 fermetrar með fjórum íbúðum, sem allar eru með sérinngangi og hesthúsi á lóð. Húsið er teiknað af Herði Harðarsyni og Þorsteini Helgasyni.

Eignin stendur á 1.681 fermetra lóð á einstökum stað við Elliðavatn, á milli Norðlingaholts og Vatnsenda. Hún skiptist í einbýlishús með aukaíbúð með sérinngangi, ásamt bílskúr og geymslu. Hesthús er í tengihúsi með gerði, geymslu og tveimur íbúðum með sérinngangi.

Húsið er steypt, einangrað og klætt að utan. Á fyrstu hæð er þriggja herbergja aukaíbúð og á 2. hæð er glæsileg íbúð með þremur svefnherbergjum, stofum með mikilli lofthæð, franskri hurð og glæsilegum, innfelldum kösturum í lofti. Stórt eldhús er opið inn í stofurnar sem eru rúmgóðar og bjartar með gólfsíðum gluggum og útgengi í garðinn. Snyrting og þvottahús er inn af forstofu. Baðherbergið er rúmgott og glæsilega innréttað, með gluggum, góðri snyrtiaðstöðu, baðkari og sturtu. Svefnherbergin eru stór með góðum skápum. Fallegur garður er til suðurs, með möguleika á heitum potti og gosbrunni sem þegar hefur verið hannaður en ekki kláraður. Í húsinu er 37 fermetra bílskúr með mikilli lofthæð. Hellulagt plan með stæðum fyrir þrjá bíla. Möguleiki er á að tengja íbúð á fyrstu hæð við íbúðina á 2. hæð.

Í tengihúsinu eru tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. Önnur er einstaklingsíbúð og hin þriggja herbergja. Íbúðirnar eru allar fallega innréttaðar. Sú stærri er með tveimur svefnherbergjum, opnu eldhúsi inn í stofu og baðherbergi. Norðanmegin eru bílastæði fyrir íbúðirnar.

Hesthúsið er með gerði, góðri aðstöðu og rúmgóðri geymslu. Stórar bílskúrshurðar eru til að opna rými og gönguhurð.

Um er að ræða einstaka eign sem gæti hentað hestaáhugafólki eða fjárfestum. Staðsetningin er vinsæl, með mikla tengingu við Elliðavatn og fallega gróðursæld. Stutt er í skóla, verslun og þjónustu. Hér gefst tækifæri til að eignast fjórar hentugar útleigueiningar við Vatnsenda. ■

Nánari upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845 8958 og á netfanginu jorunn@miklaborg.is.

# Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca á Sumareignir.is

## 1.200 fasteignir til sölu á Costa Blanca og Tenerife







**Glæsilegar íbúðir**
- Flottur sundlaugagarður
- Úti og innisundlaug
- Líkamsrækt.
- Húsgagnapakki fylgir.
- **Verð frá 29 milljónum.**

**Frábært verð**
- 2ja og 3ja herbergja.
- Húsgögn, heimilistæki og fleira fylgir.
- **Verð frá 25 milljónum.**

**Rétt við golfvöll.**
- Húsgagnapakki fylgir.
- **Verð frá 24.5 milljónum.**

**Yfir 500 endursölufasteignir**

Raðhús, parhús og einbýli við strönd eða golfvelli.



Sumareignir

Sigurður Oddur Sigurðsson | Löggiltur fasteignasali
Ágústa Guðrún Ásbjörnsdóttir | Sölustjóri fasteigna á Spáni

616 8880

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*








Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Starfandi í 40 ár – 1982-2022

### *Nesbali 116 – Seltjarnarnesi. Glæsilegt raðhús við opið svæði.*



- Virkilega glæsilegt og mjög mikið endurnýjað 251,0 fermetra raðhús á pöllum á einstökum útsýnisstað við opið svæði til vesturs við Nesbala á Seltjarnarnesi.
- Eignin var öll endurnýjuð hið innra á afar vandaðan og smekklegan máta árið 2006.
- Samliggjandi arin- og setustofa, stórar og bjartar með mjög mikilli lofthæð, fallegum arni og virkilega fallegu útsýni til vesturs út á sjóinn. Eldhús opið við borðstofu með sérsmíðuðum innréttingumum. Sjónvarpsstofa með gluggum til vesturs. Þrjú svefnherbergi.
- Að utan er húsið í góðu ástandi. Þakjárn er nýlegt og skipt hefur verið um allt gler og glugga sem þurft hefur.
- Lóðin er mjög viðhaldslétt. Á baklóð hússins er mjög stór og skjólsæl hellulögð verönd með heitum potti, markísu og útisturtu auk trjágróðurs.

**Verð 179,0 millj.**

### *Skúlagata 20 - 3ja herbergja íbúð á 10. Hæð*




Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17.00 – 17.30

- 78,3 fermetra íbúð á 10. hæð með tvennum svölum til vesturs og norðurs með svalalokun og afar glæsilegu útsýni í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara við Skúlagötu 20 í Reykjavík.
- Húsvörður er í húsinu, tvær lyftur og myndavéladyrasími. Eignina má eingöngu selja félögum í Félagi eldri borgara sem eru 60 ára og eldri.
- Stofa sem er rúmgóð og björt. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir. Eitt svefnherbergi með góðum fataskápum. Nýlega endurnýjað baðherbergi með gólfsturtu.
- Útsýni frá íbúðinni er m.a. út á sundin, innsiglinguna í Reykjavíkurhöfn, að Akrafjalli, Esjunni og víðar.

**Verð 65,0 millj.**

### *Fiskislóð 81 – skrifstofuhúsnæði- sérinngangur*



- Mjög gott 138,8 fermetra skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, efri hæð, með sérinngangi á neðri hæð við Fiskislóð 81 í Reykjavík. Mjög góð aðkoma og fjöldi bílastæða á lóð.
- Fimm skrifstofuherbergi eru á hæðinni og eru rýmin öll mjög björt og með góðum gluggum og útsýni. Innbyggð ljós eru í öllum loftum hæðarinnar. Viftur eru í loftum í flestum rýmum hæðarinnar og tölvulagnir í herbergjum. Öryggis-myndavélakerfi er utan á húsinu. Leyfi er fyrir geymslugámi á baklóð.
- Virkilega bjart og vel skipulagt skrifstofuhúsnæði með sérinngangi og útsýni á spennandi og ört vaxandi stað á Grandanum.

**Verð 65,9 millj.**

### *Suðurvangur 2 – Hafnarfirði. 3ja herbergja íbúð.*




Íbúðin verður til sýnis á morgun, miðvikudag, frá kl. 17.00 – 17.30

- Einstaklega rúmgóð og björt 98,5 fermetra íbúð á 3. hæð að meðtaldri sér geymslu í litlu fjölbýli við Suðurvang í Hafnarfirði.
- Íbúðin skiptist í hol sem gæti nýst sem sjónvarpshol, eldhús, baðherbergi með glugga, hjónaherbergi, barnaherbergi, borðstofu, stofu með útgengi á rúmgóðar svalir til vesturs og þvottahús/búr innaf eldhús.
- Í sameign hússins er sér geymsla, sameiginleg hjóla og vagnageymslu og sameiginleg stór geymsla.
- Fín aðkoma er að húsinu, sérmerkt bílastæði fyrir framan hús. Nýjir glulggar á suður og austurhlið hússins.

**Verð 54,5 millj.**

## *Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina ?*

## *Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**






TORG

## GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

**ÚTGÁFUFÉLAGIÐ TORG EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA GRAFÍSKAN HÖNNUÐ Á STÆRSTA PRENTMIÐIL LANDSINS.**

**Starfssvið:**

- Umsjón með útliti blaðsins.
- Hönnun nýrra efnisþátta.
- Almennt umbrot á blöðum Torgs (Fréttablaðið og sérblöð).

**Hæfniskröfur:**

- Próf í grafískri hönnun eða grafískri miðlun.
- Reynsla af dagblaðavinnslu.
- Geta til að vinna í hópi.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á: sfa@torg.is | Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2022. | Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**




# ÚTKALL

## ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.

SVN olís SJÓVÁ

## Auglýsing um deiliskipulag Seltjarnarnesbær

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Bakkahverfi – Melabraut 3, tillaga að breytingu á deiliskipulagi
Á 122. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 17. febrúar 2022 og á 942. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 23. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna Melabrautar 3.
Í deiliskipulagstillögunni felst stækkun byggingarreits og hækkunar nýtingarhlutfalls úr 0,43 í 0,50.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 9. mars 2022 til og með 22. apríl 2022 og verður til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2. Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 22. apríl 2022.

*Seltjarnarnesi, 3. mars 2022*
*Brynjar Þór Jónasson*
*Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar*

Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 23. febrúar sl. að auglýsa nýtt deiliskipulag í Hamranesi í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

**Nýtt deiliskipulag við Hringhamar reitur 19B.**
Á reitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum 4-7 hæða með allt að 70 íbúðum. Bílastæði eru á lóð.

**Nýtt deiliskipulag við Hringhamar reitur 30B.**
Á reitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir þremur fjölbýlishúsum, 2-6 hæða með allt að 55 íbúðum, einnig er heimild fyrir verslun - og/eða þjónustu á hluta jarðhæða. Gert er ráð fyrir bílakjallara og bílastæðum á lóð.

Tillögurnar verða til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá **08.03.22**.

Auk þess er hægt að skoða tillöguna á **hfj.is/skipulag**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað eigi síðar en **19.04.2022** á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eða skriflega í þjónustuver:

**Hafnarfjarðarbær**
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður








MADSHUS
Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!
20% afsláttur af gönguskíðapökkum!
MADSHUS
GG SPORT
Stingum af ...
Fæst einnig í:
Ellingsen Granda
Ísfell verslun Húsavík
Útisport Akureyri
@ggsport.is
@gg_sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18 Laugardagar 11-15

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR
· SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
· HEILUN
ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

### Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Skipulagsstofnun

**Umhverfismat framkvæmda**

**Matsáætlun í kynningu**

**Geitdalsárvirkjun, Múlaþingi**

Geitdalsárvirkjun ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats fyrirhugaðrar Geitdalsárvirkjunar.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. apríl 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is




**Er hætta á að vatn leki inn eða rennurnar brotni?** Hitavír í rennur heldur vatnrásinni opinni og bræðir ísinn. Tilbúin kitt til líka.




RAKIR GLUGGAR?

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

SR30

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA




# GULLÖLD SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

- **1. APRÍL**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Úrval úr Fréttavöktum vetrarins.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Útkall** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**09.00 ÓL 2022. Skíðaskotfimi**
**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2009-2010** Álftanes - Borgarbyggð.
**14.30 Heimsleikar Special Olympics** Með okkar augum.
**15.05 89 á stöðinni**
**15.20 Lífsins lystisemdir**
**15.50 Kiljan**
**16.30 Menningarvikan**
**17.00 Íslendingar** Ásmundur Sveinsson.
**17.50 Loftlagsþversögnin**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Krakkar í nærmynd** Suma.
**18.19 Strandverðirnir**
**18.28 Þorri og Þura - vinir í raun**
**18.41 Eldhugar**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** Með hækkandi sól.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Ólympíukvöld fatlaðra**
**20.25 Innrás Pútíns í Úkraínu Panorama. Putin's War in Ukraine**
**21.00 Síðasta konungsríkið The Last Kingdom**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Rauðir skuggar Les Ombres Rouges**
**23.10 Griðastaður Sanctuary**
**23.55 Óleyst mál Hammarskjölds Cold Case Hammarskjöld12**
**01.55 Lifað í voninni Dokument inifrån. Roy måste leva**
**02.55 Mamma mín**
**03.10 Kastljós**
**03.35 Ólympíukvöld fatlaðra**
**03.55 ÓL 2022.** Bein útsending frá keppni í skíðagöngu.
**06.50 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Celebrity Best Home Cook**
**16.00 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Block**
**20.10 Ordinary Joe** Bandarísk þáttaröð sem fjallar um það hvernig ein lítil ákvörðun getur gjörbreytt ævi þinni.
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Dexter**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 Station 19**
**02.35 The Great** Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi.
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 Rax Augnablik**
**08.25 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**09.55 Call Me Kat**
**10.15 Hell's Kitchen**
**10.55 Shark Tank**
**11.40 Queen Sugar**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 30 Rock**
**13.15 Manifest**
**14.00 10 Years Younger in 10 Days**
**14.45 Bætt um betur**
**15.10 Grey's Anatomy**
**16.00 The Heart Guy**
**16.45 The Heart Guy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hell's Kitchen USA**
**19.55 B Positive**
**20.15 S.W.A.T.**
**21.00 Magnum P.I.**
**21.45 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham**
**22.10 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.45 Cold Case**
**23.30 Cold Case**
**00.15 Coroner**
**01.00 The Unusual Suspects**
**01.50 Supernatural**
**02.30 The O.C.**
**03.15 Hell's Kitchen**
**03.55 Shark Tank**

## Útkall hefur göngu sína sem sjónvarpsþáttur

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar eru orðnar nálega 30 talsins og nú lifna bækurnar á sjónvarpsskjánum, en sjálfur höfundur þeirra birtist landsmönnum í myndveri í kvöld og næstu þriðjudagskvöld og ræðir við fólk sem reynt hefur ótrúlega hluti á eigin skinni. Gestur kvöldsins er Auðunn F. Kristinsson, sigmaður.



## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Halldór Brynjar Halldórsson (Skákfélagi Akureyrar), átti leik gegn Mikkel Manosri Jacobsen (Taflfélagi Reykjavíkur)
**27.Bh5! Dxh5 28.Bxd8 Kxd8 29.Hd1 De8 30.Db6+ Kc8 31.Dxa6+ Kb8 32.Hd6 Rc8 33.Rd5 Rxd6 34.Dxd6+ Ka7 35.Db6+.**
Glæsilega teflt hjá Halldóri sem mætti í landsliðsbúningi Úkraínu. Taflfélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari í skákfélaga í fyrsta skipti í 14 ár. Taflfélag Garðabæjar varð í öðru sæti og Víkingaklúbburinn varð þriðji.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga.

## Krossgáta



**LÁRÉTT**
1 niðurfelling
5 lána
6 upphrópun
8 reipi
10 mynni
11 fram að
12 harmur
13 ókyrr
15 matjurt
17 allslaus

**LÓÐRÉTT**
1 etanól
2 þus
3 hvíld
4 kvarði
7 ódæði
9 dugur
12 bruðl
14 æði
16 tveir eins

**LÁRÉTT: 1** afnám, 5 ljá, 6 æi, 8 kaðall, 10 ós, 11 til, 12 sorg, 13 órór, 15 laukur, 17 snauð.
**LÓÐRÉTT: 1** alkóhól, 2 fjas, 3 náð, 4 mælir, 7 illgerð, 9 atorka, 12 sóun, 14 ras, 16 uu.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli






# Þú ert eldri en þú heldur

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Þekktu einkennin — upp með sokkana!



MOTTUMARS

Krabbameinsfélagið

mottumars.is

# Lyfjaval
## Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára

# Vertu bara í **hlýjunni**
# Afgreiðsla beint í bílinn

## **Öruggt,** fljótlegt og afar **þægilegt**
## **- sjö** lúgur

**Heimaprófin fyrir Covid-19 fást hjá okkur**





Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

**Þú finnur apótek Lyfjavals í Mjódd, bílaapótek Hæðasmára og í Apóteki Suðurnesja**

**Lyfjaval Mjódd**
Opið virka daga 08.45 – 18.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

**Lyfjaval Hæðasmára Bílaapótek**
Opið alla daga 10.00 – 23.00

**Apótek Suðurnesja**
Opið virka daga 09.00 – 19.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

## Fjöruverðlaunin 2022 afhent í Höfða

tsh@frettabladid.is

Fjöruverðlaunin voru afhent í Höfða í gær. Í flokki fagurbókmennta var skáldsagan Merking eftir Fríðu Ísberg verðlaunuð. Í rökstuðningi dómnefndar segir að Merking kallist „skýrt á við íslenskan samtíma þó að sagan sé vísindaskáldsaga sem gerist í framtíðinni.“ Í flokki barna- og unglingabókmennta var bókin Reykjavík barnanna eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur verðlaunuð. „Bókin er ríkulega myndskreytt og er hver opna afmörkuð innsýn í sögu borgarinnar,“ segir í rökstuðningi. Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis var ritið Sigurður Þórarinsson: Mynd af manni eftir Sigrúnu Helgadóttur verðlaunað. „Saga Sigurðar er samofin sögu jarðfræðirannsókna, jöklaferða og náttúruverndar á Íslandi,“ segir í rökstuðningi. ■




Fyrir lifandi heimili

EIGHTMOOD FLOWING
Loftljós. Gyllt eða svart. Ø90 cm.
49.990 kr.



PINNACLE
Hægindastóll með innbyggðum skammel. Sveif á hlið leggur stólinn aftur og lyftir um leið upp fótaskemli.
129.990 kr.



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100




Tinna segir sýninguna undirstrika að maðurinn sé hluti náttúrunnar, en ekki aðskilinn henni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fagurferði og landslag á tímum mannaldar

**Maður og náttúra mætast á sýningu Tinnu Gunnarsdóttur í Hafnarborg, Snert á landslagi. Þungamiðja sýningarinnar byggist á tilviksrannsókn sem hún vann í eyðifirði á Tröllaskaga.**

tsh@frettabladid.is

Vöruhönnuðurinn Tinna Gunnarsdóttir opnaði nýlega sýninguna Snert á landslagi – 66°05'35.2"N 18°49'34.1"W sem er framlag Hafnarborgar til HönnunarMars. Sýningin tengist yfirstandandi doktorsverkefni Tinnu í menningarfræði við Háskóla Íslands þar sem hún rannsakar hvort fagurferðileg upplifun í landslagi geti verið afl til umbóta á tímum mannaldar og loftslagsbreytinga.

„Að undirstrika að maðurinn sé hluti af náttúrunni, ekki aðskilinn, það er svona heimspekilegi grunnurinn,“ segir Tinna. Höfundur hugtaksins fagurferði er Njörður Sigurjónsson, doktor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Spurð um hver sé munurinn á fagurferði og fagurfræði segir Tinna:

„Þetta er svo skemmtilega skrýtið hugtak og hljómar alltaf eins og mismæli. En það er þannig að þegar maður talar um fagurfræðilega upplifun, til dæmis í landslagi, þá er í rauninni ekkert fræðilegt við þá upplifun heldur er hún fyrst og fremst tilfinningaleg.“

Tinna setur þetta í samhengi við muninn á hugtökunum siðfræði og siðferði, þar sem fræðigreinin siðfræði fjallar um mannlegt siðferði. Þannig mætti segja að fagurfræðin fjalli um fagurferðilega upplifun mannsins.

„Mér finnst líka svo áhugavert að fagurfræðihugtakið er svo rosalega vítt, það tengist ekki endilega fegurð, það spannar allan skalann frá ægifegurð til ljótleika. Fagurferðileg upplifun er það þegar eitthvað þarna úti snertir við þér og það þarf ekki að vera einhver klisja um fullkominn blómavasa eða eitthvað slíkt heldur bara að þú staldrir við og veitir því athygli að það er eitthvað sem gerist á milli þín og þess sem þú mætir, horfir á, eða snertir,“ segir Tinna.

Sýningin samanstendur af alls konar hönnunarhlutum frá löngum ferli Tinnu. Elsta verkið á sýningunni má rekja til BA-verkefnis hennar frá Bretlandi árið 1992 og nýjustu verkin eru frá 2022. Tinna segir þó ekki um hefðbundna yfirlitssýningu að ræða. Þungamiðja sýningarinnar varð til í áralangri tilviksrannsókn Tinnu í Héðinsfirði á norðanverðum Tröllaskaga sem fór úr byggð um miðja síðustu öld.



Á sýningunni má finna ýmsa hönnunarhluti frá löngum ferli Tinnu. Elsta verkið er frá árinu 1992 og þau nýjustu eru frá 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Mig langaði að líta á sýninguna í safninu eins og landslag, ég er að búa til einhvers konar landslagsupplifun með manngerðum hlutum.**

„Mig langaði að líta á sýninguna í safninu eins og landslag, ég er að búa til einhvers konar landslagsupplifun með manngerðum hlutum. Mér finnst svo áhugavert að hugsa um að allt sem dýr gera lítum við á sem náttúrlega ferla en svo tölum við um manngerða ferla þegar við mannfólkið eigum í hlut. Hver er munurinn? Jú, við náttúrlega höfum meiri tækni og manngerð efni en í raun og veru kemur allt frá náttúrunni,“ segir Tinna.

Sem dæmi um hluti sem finna má á sýningunni eru tveir Árstafir sem standa upp úr graspökum í sal Hafnarborgar. Stafirnir eru framleiddir úr rafhúðuðu áli og ryðfríu stáli og sérhannaðir fyrir umhverfi Héðinsfjarðar. Flestir hlutanna eru hannaðir með tilliti til notagildis en sumir þeirra eru þó á mörkum hönnunar og myndlistar eins og til dæmis pinni sem ber heitið Miðpunktur og er eins konar stækkuð útgáfa af kortapinna, nema hvað að þessi er hannaður til að standa í landslagi.

„Ég er mikið að velta fyrir mér notagildi og hvað skiptir máli í dag og einstaka sinnum þá sleppi ég notagildinu, það gerist mjög sjaldan, oftar er það þannig að það er hluti af verkinu en ekki endilega aðal markmiðið,“ segir Tinna.

Stór hluti af hugmyndafræði sýningarinnar snýst um að varpa ljósi á samband manns og náttúru á tímum mannaldar. Að sögn Tinnu hefur verið lögð rík áhersla innan hönnunargeirans á undanförnum árum á að fjalla um samfélagslegar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar. Tinna er prófessor í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands og segist leggja mikla áherslu á að miðla slíkri hugsun til nemenda sinna.

„Mér finnst mikilvægt í dag að skoða hvað vöruhönnun getur gert til þess að taka þátt í þessu samtali og þessu stóra verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Hún getur líka gert það í sambandi við græna, umhverfisvæna fjöldaframleiðslu en hún er ekki beint til staðar hérna á Íslandi. Vöruhönnun er ungt fag á heimsvísu og sérstaklega ungt á Íslandi svo þetta er áhugavert viðfangsefni sem er í stöðugri mótun,“ segir Tinna. ■

# Græn iðnbylting á Íslandi



# Iðnþing 2022

## Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 10. mars kl. 14–16

Græn iðnbylting stendur nú yfir, þar sem ríki heims hafa sammælst um að draga úr losun kolefnis. Iðnþingið verður að þessu sinni helgað þessu mikilvæga viðfangsefni. Íslensk stjórnvöld hafa sett metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi og notkun jarðefnaeldsneytis. Á þinginu verður rætt um græna nýsköpun og fjárfestingu, græna framleiðslu, græna mannvirkjagerð, græna orku og græna framtíð. Íslenskur iðnaður ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í loftslagsmálum enda til mikils að vinna fyrir umhverfið og samfélagið allt.


**Árni Sigurjónsson**
formaður SI


**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


**Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI


**Edda Sif Pind Aradóttir**
framkvæmdastýra Carbfix


**Karl Andreassen**
framkvæmdastjóri Ístaks


**Álfheiður Ágústsdóttir**
forstjóri Elkem


**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI


**Guðlaugur Þór Þórðarson**
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra


**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur SI


**Sæmundur Sæmundsson**
framkvæmdastjóri Eflu


**María Stefánsdóttir**
umhverfissérfræðingur hjá Mannviti


**Hulda Hallgrímsdóttir**
gæðastjóri Össurar


**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra


**Jóhanna Klara Stefánsdóttir**
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI


**Lárus M.K. Ólafsson**
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI


**Auður Nanna Baldvinsdóttir**
framkvæmdastjóri Iðunn H2


**Þorsteinn Víglundsson**
forstjóri Hornsteins


**Margrét Gísladóttir**
sérfræðingur hagsýslu- og samskiptasviðs MS

**Skráning á si.is.**

SI Samtök iðnaðarins

Ár grænnar iðnbyltingar 2022




## Hættulegt gaman í Reykjavíkurborg

toti@frettabladid.is

Þegar úrslit lágu fyrir í forvali Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fyrir borgarstjórnarkosningarnar varð ljóst að sagnfræðingurinn Stefán Pálsson hafði komist þangað sem hann ætlaði sér, í 2. sætið. Stefán, sem er einhver helsti sérfræðingur þjóðarinnar þegar myndasögubækurnar um Sval og Val eru annars vegar, deildi frétt Mbl.is af úrslitunum á Facebook-síðu sinni á laugardaginn og fagnaði því að nú væri „hægt að snúa sér að slagnum við hina“ eftir óhjákvæmileg átök við samherja. Í kjölfarið rigndi hamingjuóskum yfir hann í löngum athugasemdahala þar sem einmitt einn „hinna“, Andrés Magnússon, fulltrúi ritstjóra á Morgunblaðinu, kom sterkur inn með kveðju sem hann sótti orðrétt á kápubak Svals og Vals bókanna sem eru Stefáni svo hugleiknar.


Stefán Pálsson

„Nú byrjar gamanið, en það verður hættulegt!“ Svalur og Valur hafa hildi háð í bæði Feluborg og Bretzelborg en engum sögum fer enn af ævintýrum þeirra í Reykjavíkurborg. En telur Stefán að Andrés hafi eitthvað til síns máls og að gamanið í Reykjavík eigi eftir að verða honum hættulegt?

„Getur nokkuð verið gaman sem ekki er að minnsta kosti smá hættulegt?“ spyr Stefán á móti eins og alvöru stjórnmálamanni sæmir og sprengir síðan pólitíkina út í enn stærra Svals og Vals samhengi en Andrés: „Annars er það sérdeilis skuggalegt fyrir okkur S&V buffin að sjá að Rússlandsher taki upp Z-una hans Zorglúbbs sem einkennistákn sitt.“ ■

# Árlegt þurrkatímabil í lífi Erps

**Rapphundurinn Erpur Eyvindarson, ekki síður þekktur sem Blaz Roca, hefur vanið sig á að gera róttækar lífsstílsbreytingar í nokkra mánuði á ári og setur þá tappann í flöskuna og gerir tilraunir með mataræðið.**

svavamarin@frettabladid.is


Erpur leynir á sér þegar matur og drykkur eru annars vegar enda annálaður bragðarefur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég tek alltaf þriggja mánaða þurrk, stundum alveg fjóra mánuði á ári án áfengis,“ segir rapparinn og rommgæðingurinn Erpur Eyvindarson sem minnir sig þannig reglulega á hversu vel honum líður áfengislausum. „Maður gleymir því oft hvað þetta er frábært.“

Erpur hefur tekið þátt í veganúar í nokkur ár en seinkaði því átaki að þessi sinni um mánuð og gerði febrúar að vegrúar.

„Gallinn við að vera vegan í febrúar er að maður þarf að redda sér sjálfur en í janúar er vegan ættbálkurinn geðveikt að peppa mann og hjálpa til með næringarfræðina og svona,“ segir Erpur og bætir við að honum hafi reynst erfiðast að finna út úr því hvað geti helst komið í stað mjólkurafurða, fisks og kjöts. Þá hafi vegan hópeflið auðveldað honum lífið í leitinni að réttu baunategundunum.

### Fiskfars-mars

„Í mars er ég að stúdera pescatarian,“ segir Erpur um áherslu sína á sjávarfang þessa dagana undir formerkjum þess sem hann kýs að kalla fiskfars-mars.

„Ég er auðvitað ekki að fara að fá mér fiskfars. Þetta hljómar bara betur,“ segir hann og hlær áður en hann upplýsir að apríl sé óráðinn hjá honum en hann sé opinn fyrir öllu.

„Mér líður rosalega vel að sleppa mjólkurafurðum og maður fattar mjög snemma hvað allt kerfið er sátt við að sleppa því að blanda þeim í allt,“ segir Erpur sem finnst mjög skemmtilegt að gera tilraunir á sjálfum sér með því að prófa hinar ýmsu matarvenjur.

„Það er verið að hvetja mig til að prófa að fasta í nokkra daga. Það gæti verið gaman.“ Hann bendir þó á að föstur séu honum ekki framandi þar sem hann stundi slíkt vanalega í um tólf til átján tíma á sólarhring.

„Það er allt annað að prófa að fasta í nokkra daga í röð. Menn segja að maður verði miklu skýrari í hausnum.“ Þá segist hann stefna á að taka einn mánuð í hráfæði á næsta ári.


Erpur fílar sig í botn í nýja laginu um Babar. MYND/KIDDI HJÁLMUR

### Asískt og einfalt

Þegar Erpur er spurður hvernig honum hafi gengið að gera vegan rétti segir hann það ekkert mál að gera góðan mat þar sem hann eldi mikið taílenskt.

„Minn uppáhalds réttur er vegan Pad Ka Pow en uppistaðan í honum er heilög basilíka, chili, hvítlaukur og vegan fiskisósa.

Ef þú hefur farið til Indlands þá eru langt flestir veitingastaðir vegan vegna þess að hindúarnir borða ekki nautakjöt, múslimar borða ekki svínakjöt og Búddarnir borða engar dýraafurðir. Þannig að ef þú ferð í asískar uppskriftir þarftu ekkert að vera að vera að rembast neitt við þetta og að ná fram góðu bragði af matnum.“

### Bragðarefur sem kemur á óvart

Erpur svarar því játandi að hann komi fólki vissulega á óvart með þessum lífsstílsbreytingum sínum miðað við þá mynd sem hann dregur upp af sér í tónlistarheiminum.


Erpur og Egill Ólafsson í góðum fíling. MYND/KIDDI HJÁLMUR

„Já, ég er bragðarefur. Kem sífellt á óvart. Ég er líka mikið að labba og synda og lifi nokkuð heilbrigðu lífi,“ segir Erpur og hlær.

„Ég hleyp ekki en finnst miklu skemmtilegra að ganga rösklega. Líka núna þegar það er orðið svo gott að labba um Reykjavík miðað við hvernig það var þegar ég var að alast upp og Sjálfstæðisflokkurinn réði öllu,“ segir hann háðskur og bætir við að borgin hafi verið eins og bílastæði fyrir utan Walmart í Detroit.

> ” Já, ég er bragðarefur. Kem sífellt á óvart.

„Einhver bílageðveiki skilurðu. Það er svo gaman að labba út um allt og heilinn verður svo frjór í fersku lofti,“ segir Erpur sem þannig afgreiðir flesta sína fundi og stefnumót á göngu um götur Reykjavíkur.

### Slaki Babarinn

Erpur gaf nýlega út lagið Slaki Babarinn með Agli Ólafssyni og Memfismafíunni. „Lagið fjallar um fílinn Babar sem stóð í ströngu í Afríku þar sem hann tróð illsakir við nashyrninginn og keyrir svo um í blæjubíl með kórónu um götur Parísar,“ útskýrir Erpur og auðheyrt á honum að honum er mjög létt við að bókanir eru komnar aftur á fullt eftir langt veirutímabil.

„Það eru fjögur eða fimm ár síðan ég gaf út lag síðast og núna er gott útlit fyrir að við séum í alvörunni að fara að lifa alvöru lífi ef við náum að sneiða hjá kjarnorkustríði.“

Hægt er að fylgjast með tilraunum Erps í eldhúsinu á Instagram undir nafninu: Slakibabarinn. ■

**Úkraína**

*Friðartónleikar í Hallgrímskirkju*

Friðartónleikar í Hallgrímskirkju verða þriðjudaginn 8. mars kl. 18.

**Fram koma**

Ragnar Kjartansson • KK • Ellen Kristjánsdóttir • Alexandra Chernyshova
Þorsteinn Einarsson í Hjálmum • Kór Hallgrímskirkju • Eyþór Gunnarsson
Sigga, Beta og Elín Ey • Jói P. og Króli • Bubbi og fl.

Ávörp flytja Kári Stefánsson og Cristofer Cristofer.

Úkraínumenn sæta nú miskunnarlausum árásum af hálfu nágranna sinna, Rússa. Við fyllumst sorg, reiði og varnarleysi yfir þessari mannvonsku og illsku. Komum saman og sýnum samhug okkar með úkraínsku þjóðinni og líka með rússneskum almenningi sem mætir grimmd og harðræði fyrir að mótmæla innrásinni. Þessi mikli harmleikur snertir okkur öll.

Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir
og hægt verður að kveikja á friðarljósi fyrir Úkraínu.

# Haffi Haffi alls ekki sár

odduraevar@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Haffi Haff segist alls ekki sár yfir því að hafa ekki komist í úrslit Söngvakeppninnar sem hið svokallaða „aukalag“ sem framkvæmdastjórnin velur.

Reglur keppninnar gera stjórninni kleift að velja eitt lag í úrslitin þrátt fyrir að það hafi ekki komist áfram í símakosningu. Díuettinn Amarosis varð að þessu sinni fyrir valinu með lagið Don't you know.

Heyra mátti harmakvein í þó nokkrum netverjum yfir því að Haffi Haff var ekki valinn. „Nei, nei, ,nei,“ segir Haffi hlæjandi aðspurður hvort þetta séu vonbrigði.

„Það er svo mikið af flottum atriðum í ár. Við vorum bara að reyna að skemmta okkur. A guy is just doing his job, þú veist hvað ég meina?“ segir Haffi. Hann segir hópinn sinn afar stoltan og segir Íslendinga geta verið stolta af keppninni í ár.

„Við erum með ótrúlega hæfileikaríkan og myndarlegan blindan mann sem syngur og hann er ekki bara söngvari heldur líka íþróttamaður,“ segir Haffi hlæjandi og hrósar Amarosis í hástert.

„Það hefði verið gaman að fá að sýna þjóðinni það sem við ætluðum okkur í úrslitunum. Sem viðskiptaþenkjandi maður ákvað ég að sýna ekki á öll spilin strax, en við grátum það samt ekkert. Við skemmtum þjóðinni vel og þetta var heljarinnar verkefni.“


Haffi Haff gengur sáttur af velli. MYND/AÐSEND

Haffi segist ekki eiga sér uppáhalds atriði í keppninni. „Stefanía var samt frábær og ég hef dáðst að henni í keppninni. En ég vil ekki velja einhvern sem er eftir, því þetta skiptir engu, við erum öll sigurvegarar og allir þarna verða frábærir fulltrúar Íslands. Það er ótrúlegt að vera hluti af þessu og þessu ferli.“ ■


Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur
Þó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone Imagine™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN




Sealy **WASHINGTON**
heilsurúm með classic botni



**Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**
Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu, tvöföldu svæðaskiptu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri yfirdýnu sem færir þér enn meiri þægindi og stuðning við líkamann. Ótrúlega vönduð og góð dýna á frábæru verði.
Fæst í 160/180/200x200 og 180x210 cm.

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **Tilboð: 215.920 kr.**

Sealy **SEATTLE**
heilsurúm með classic botni



**Virkilega vönduð dýna.**
Millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Henni er skipt upp eftir svæðum þannig að það er meiri stuðningur þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefa henni gott loftflæði. Virkilega vönduð dýna sem hentar fólki á öllum aldri.
Fæst í 120/140/160/200 x 200 cm.

Verðdæmi 180 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 194.900 kr. **Tilboð: 155.920 kr.**

Sealy **PORTLAND**
heilsurúm með classic botni



**Gæði á góðu verði.**
Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Millistíf dýna með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefjalagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.
Fæst í 120/140/160/200 x 200 cm.

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

www.DORMA.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast






Kari og Katrín gera miklar kröfur til þeirra sjálfra og setja stefnuna á Berlín á næstunni. MYND/AÐSEND

# Ultraflex snýr aftur með sultuslakandi myndband

**Raftvíeykið Ultraflex gefur í dag út lagið Relax sem er það fyrsta sem frá þeim kemur í tvö ár. Myndband við lagið verður frumsýnt á YouTube í kvöld og tekur af öll tvímæli um að lagið stendur undir nafni enda ekki aðeins í meira lagi frumlegt heldur vægast sagt róandi.**

oddurarevar@frettabladid.is

„Það er ákveðin pressa frá okkur sjálfum,“ segir tónlistarkonan Katrín Helga Andrésdóttir þegar hún er spurð hvort velgengni fyrstu plötu rafdúósins Ultraflex hafi tafið fyrir gerð og útgáfu nýja lagsins, Relax.

Hún og Kari Jahnsen skipa tvíeykið en frumraunin Visions of Ultraflex, sem kom út 2020, uppskar einróma lof og hlaut bæði Kraumsverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin, sem plata ársins í flokki raftónlistar, auk fjölda alþjóðlegra tilnefninga.

„Við vorum byrjaðar að semja nýtt efni þegar við fengum verðlaunin þannig að þau voru mjög mikil hvatning,“ segir Katrín. „Við fyrstu plötu eru kannski engar væntingar en svo þegar fólk er búið að mynda sér skoðun þá er svo auðvelt að mikla þetta fyrir sér og við vorum á ákveðið sársaukafullu stigi lagasmíða þegar verðlaunin duttu í hús. Svo þau voru mikil hvatning.“

**Róandi hugmyndafræði**

Hljóðheimur Ultraflex er innblásinn af diskói og fönki níunda áratugarins í bland við nýaldarlega tilfinningasemi og óvænta djassaða hljóma. Myndbandið við nýja lagið ber sterk merki þessa en þar sjást þær stöllur meðal annars skera sápu og handfjatla slím á seiðandi og ákaflegan róandi hátt.

„Þetta byrjaði bara á því að Kari sendi mér Instagram-vídeó af svona sápuskurði sem er auðvitað stórt dæmi á netinu og þetta var akkúrat það sem ég þurfti þarna þennan dag og það var æðislegt að horfa á þetta,“ segir Katrín og skýrir fyrirbærið sem „hugmyndafræði þægilegra myndbanda, með alls konar efni og aðferðum sem fólki finnst skemmtilegt að horfa á.“

Þær hafi síðan í kjölfarið ákveðið að nýta sér þessa róandi hugmyndafræði í myndbandinu. „Við horfðum í raun á ógeðslega mikið af svona myndböndum og skrifuðum hjá okkur hugmyndir og pöntuðum svo á netinu slím og alls konar svona dót. Svo réðum við naglalistakonu og förðunarfræðing og myndatökumanneskju og svo vorum við bara að leika okkur. Það var ógeðslega gaman að búa þetta til og ef við hættum einhvern tímann í tónlistinni þá getur þetta orðið einhver hliðarbransi hjá okkur.“

> Ef við hættum einhvern tímann í tónlistinni þá getur þetta orðið einhver hliðarbransi hjá okkur.

**Út úr kófinu**

Katrín og Kari stofnuðu hljómsveitina örskömmu fyrir heimsfaraldur og segir Katrín þær fegnar að geta nú spilað á fleiri tónleikum. „En við einbeittum okkur í staðinn að því að gera rosalega mikið sjónrænt efni,“ segir Katrín.

„En okkur finnst geðveikt gaman að vera loksins aftur komnar af stað, enda höfum við gert mjög miklar kröfur til okkar sjálfra og vonum að þetta verði skemmtilegt,“ segir Katrín en Ultraflex hyggur á tónleika í Berlín og mun koma fram á fjölda tónlistarhátíða hér á landi.

Tónlistarmyndbandið við Relax verður frumsýnt á YouTube klukkan 20.00 í kvöld. ■

# Hlaupið í gulu fyrir Úkraínu

toti@frettabladid.is

Hlaupahópurinn HHHC elskar malbik og stundar regluleg langhlaup í einkennislitum sínum, kóbaltbláum eða hvítum, en ætlar nú að hlaupa til hjálpar flóttafólki frá Úkraínu í sérmerktum fagurgulum treyjum

„Þetta eru mjög flottir bolir og þetta er náttúrlega bara svona sérstök útgáfa,“ segir Pétur Ívarsson, verslunarstjóri Boss búðarinnar og forsprakki hópsins, um bolina sem verða seldir til styrktar þeim börnum sem hingað koma á flótta frá Úkraínu.

Bolirnir er seldir á 9.900 krónur og Pétur reiknar með að rúmur helmingur upphæðarinnar geti runnið beint í söfnunina. „Þetta er samstarfsverkefni með Newwave sem er með umboðið fyrir Craft-íþróttafatnaðinn á Íslandi sem tekur enga álagningu og merkir þetta frítt fyrir okkur og svo sel ég þetta svíndýrt,“ segir Pétur um þær leiðir sem farnar verða til þess að afla sem mests fjár.




Gulu bolirnir gera stuðninginn við Úkraínu sýnilegan á malbikinu.

„Þessu hefur verið tekið alveg gríðarlega vel í hlaupaheiminum og eftir fyrsta daginn er búið að selja einhverja 55 boli,“ segir Pétur sem ætlar að taka á móti pöntunum út miðvikudaginn en allar frekari pöntunarupplýsingar má finna í Facebook-hópnum Hlauparar á Íslandi.



Pétur Ívarsson.

Pétur segir HHHC-hópinn telja um 40 virka meðlimi og að þeir hafi keypt tæpan helming þess sem hefur selst. „Þannig að þetta fer alveg út fyrir hópinn. Við höfum náttúrlega áður styrkt góð málefni og hluti hópsins hefur hlaupið þrisvar í jakkafötum, þá í samstarfi við Boss búðina, og safnað samanlagt fimm milljónum. Og núna var þetta bara málið,“ segir Pétur um fjársöfnunina fyrir flóttabörnin og bendir á að burtséð frá peningunum þá verði stuðningurinn við Úkraínu sýnilegur í verki þegar hlaupið er í bolunum. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza

## af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

**SPAÐINN**

Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is



frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

■ Bakþankar



Kristbjargar Þórisdóttur

# Pútín og kommóðan

Um síðustu helgi settum við fjölskyldan saman fjórar kommóður. Margir þekkja það hvernig maður fylgir leiðbeiningunum skref fyrir skref og með yfirvegun og vandvirkni endar ferillinn oftast á því að flati kassinn verður að fallegu húsgagni. Ég hugsaði með mér hvers vegna heimurinn væri ekki jafn einfaldur.

Nánast sama dag og mögulega sér fyrir endann á heimsfaraldri hafa nýjar hamfarir farið af stað og nú af mannavöldum. Innrás í Úkraínu árið 2022! Áföll af mannavöldum eru oft erfiðari í úrvinnslu en þau sem menn hafa enga stjórn á, samanber náttúruhamfarir. Innrás Rússa í Úkraínu er mannleg ákvörðun. Ákvörðun Pútíns og hans manna sem tóku þá kaldrifjuðu ákvörðun að ráðast inn í annað land og hrifsa til sín líf og öryggi saklausra borgara vegna þess að þeir gátu það. Það eru miklir brestir í heimi þar sem menn sem færir eru um slíkt komast til jafn mikilla valda. Mörg okkar hinna í þessum heimi sitja vanmáttug við tölvuskjáinn og gráta við hvern fréttatíma. Það geri ég að minnsta kosti.

Kannski er staðan ekki ósvipuð því að ódæðismaður réðist inn í hús nágranna manns og murkaði lífið úr þeim og maður stæði vanmáttugur fyrir utan gluggann og vissi hreinlega ekki hvað ætti að gera. Ef maður skerst í leikinn þá væru kannski líkur á því að ódæðismaðurinn sprengdi upp alla götuna sem myndi leiða til enn frekari blóðsúthellinga. Því miður eru hvorki til leiðarvísar sem fylgja með Pútín eða því hörmulega stríði sem hann og hans stjórn hafa hrundið af stað. ■




★★★★★
GERIÐ GÆÐA OG VERÐ-SAMANBURÐ
Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum








STILLANLEG HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

GHENT
FYLDS The Belgian Bed
HANDGERÐ HEILSURÚM – FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

★ FERMINGARTILBOÐ ★

ÝMIR
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI
Styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per $fm^2$. Tvíhert stál.

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~99.900 kr.~~ | 89.900 kr. |
| 140×200 | ~~114.900 kr.~~ | 104.900 kr. |
| 150×200 | ~~129.900 kr.~~ | 119.900 kr. |

Öll verð með PU botni og fótum.
ATH. fleiri stæðir í boði.

GÓÐUR STUÐNINGUR VIÐ MJÓBAK









FRIGG – MILLISTÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

ÓÐINN – STÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

IÐUNN
GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN
Cool efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri líðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~139.900 kr.~~ | 119.900 kr. |
| 140×200 | ~~159.900 kr.~~ | 139.900 kr. |
| 150×200 | ~~179.900 kr.~~ | 159.900 kr. |

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

25% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM VIÐ DÝNUKAUP

VERÐ SEM KOMA Á ÓVART

Svefn & heilsa ★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu


BALDURSNES 6 - AKUREYRI


VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.